

EYSTRAHORN

2. tbl. 44. árgangur 5. mars 2026



FRÁ RITSTJÓRA

Markmiðið með útgáfu Eystrahorns er að það verði eins konar samfélagsblað okkar Hornfirðinga. Ritstjórnarstefnan er skýr og er Eystrahorn hugsað sem nokkurs konar skilaboðaskjóða okkar Hornfirðinga.

Á þessum vettvangi gefst öllum íbúum kostur á að koma áhugaverðu efni til skila, svo lengi sem ekki er verið að leysa persónulegan ágreining eða útkljá deilur. Efnisöflun er þannig byggð á þátttöku samfélagsins. Ég tek á móti ábendingum, tek viðtöl og skrifa líka efni inn á milli þegar við á. Ritstjórnin felst því að miklu leyti í að halda utan um þessar línur, auk þess sem efni takmarkast að sjálfsögðu við pláss í blaðinu.

Ef þú vilt birta efni, senda okkur skemmtilegar myndir, ekki síst gamlar, taka viðtal við áhugaverða einstaklinga eða auglýsa í blaðinu, þá hvet ég þig til að hafa samband. Ég get aðstoðað við texta eftir þörfum og prófarkalestur og uppsetning er á okkar vegum. Við tökum einnig á móti efni á ensku og þýðum yfir á íslensku. Vefurinn mun síðar bjóða upp á að þýða texta yfir á önnur tungumál með Google Translate.

DREIFING

Dreifing blaðsins er eitt þeirra atriða sem ég hafði mestar áhyggjur af þegar við hófum útgáfu á ný. Ákveðið var að á

meðan við sjáum hvort blaðið standi undir kostnaði væri rétt að sjá um dreifinguna sjálf. Viðbrögðin þegar ég óskaði eftir sjálfbóðaliðum við útburð fyrsta tölublaðsins voru frábær, svo góð að áður en ég vissi af var búið að dekkja dreifingu í allar götur á Höfn og í Nesjahverfi. Takk kærlega fyrir það!

Ég tók því að mér að dreifa blaðinu í sveitirnar og keyrði Hornafjörð endilangan. Ég byrjaði í sól og blíðu í Öræfum og endaði í slyddu og roki um kvöldið í Nesjum og Lóni. Þennan dag náði ég tali af mörgum íbúum í sveitinni og komst að því að þau sem ég ræddi við voru sátt við að sækja blaðið sjálf á þá staði sem til dæmis Bændablaðið liggur á.

Niðurstaðan er því sú að áfram verður stuðst við dreifingu í þéttbýli með aðstoð sjálfbóðaliða og eins mun verða hægt að sækja blaðið á eftirfarandi staði:

- **Öræfi:** Freysnes og Fagurhólsmýri
- **Höfn:** N1, Olís og Húsasmiðjan

Í einhverjum tilfellum hafa íbúar í sveitunum boðist til að dreifa blaðinu á sín svæði. Það er mjög velkomið, en þá getur verið gott að láta vita af því til dæmis

í íbúahópum á Facebook. Ef þú hefur fleiri staði í huga þar sem þú telur að blaðið eigi að liggja, viljum við gjarnan heyra frá þér.

VIÐBURÐADAGATAL

Ég er mikill talsmaður þess að viðburðir séu vel sýnilegir og teknir saman í góðu viðburðadagatali. Í þessu tölublaði er sú tilraun gerð að safna saman viðburðum á miðjuopnu blaðsins. Ég birti einungis þá viðburði sem þið í samfélaginu sendið mér, eða þá sem ég veit af og fæ leyfi til að birta. Að þessu sinni er dagatalið örugglega ekki tæmandi, þar sem ekki allir vita af þessu enn.

Við höldum áfram og prófum þetta aftur í næsta blaði. Ef þú veist um viðburð sem þú telur að eigi heima í dagatalinu, máttu endilega hafa samband.



GUÐRÚN ÁSDÍS
Ritstjóri

VILTU GERAST STYRKTAÐILI?

EÐA FÁ BLAÐIÐ SENT HEIM UTAN SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR?

Skannaðu QR kóðann eða hafðu samband í síma 867-6604
Það tekur aðeins 2 mínútur að skrá sig



WWW.EYSTRAHORN.IS

Páskablaðið kemur út miðvikudaginn **1. apríl**
Skilafrestur fyrir auglýsingar og efni er 27. mars



HRÓSIÐ

Hrósið er tvöfalt þennan mánuðinn. Við hvetjum lesendur sem vilja hrósa eða þakka fyrir eitthvað í okkar samfélagi til að senda tölvupóst á eystrahorn@eystrahorn.is.

STARFSFÓLK SKJÓLGARÐS

Mig langar að beina hrósi mínu núna til starfsfólks Skjólgarðs og þá ekki síst fólkinu sem vinnur í eldhúsinu. Núna þessi misserin hefur verulega verið þrengt að vinnusvæði þeirra sem útbúa mat fyrir stóran hluta bæjarbúa. Ástæðan er bygging nýja hjúkrunarheimilisins sem hefur tekið langan tíma. Það er framreiddur matur sem víða fer í bænum. Skal fyrst nefnt heimilis- og starfsfólk Skjólgarðs. Einnig Félagsþjónustuna dagdeild og Dagvist aldraðra og eldra íbúa sem koma utan úr bæ og fá hádegismat í Ekru. Ofan á þetta er eldaður heitur matur fyrir grunnskólann, nemendur og starfsfólk. Ekki hef ég á reiðum höndum hversu margir munna nýta þessa þjónustu, en margir eru þeir. Því tek ég ofan fyrir fólkinu sem stendur vaktina svo við hin fáum góðan og næringarríkan mat. Þið eruð fyrirmyndir fyrir okkur hin og ég þakka ykkur af heilum hug.



Starfsfólk í eldhúsinu á Skjólgarði. F.V: Manee, Kristján, Belaid og Ola

Guðrún Ingimundardóttir

STARFSFÓLK DAGÞJÓNUSTUNNAR Í EKRU

Af því að ég, af eigin reynslu, þekki vel til, vil ég þakka einstöku starfsfólki Dagþjónustunnar í Ekru fyrir þeirra vel unnu störf sem innt eru af hendi af alúð, mikilli virðingu og einlægri væntumþykju og velvilja gagnvart notendum þjónustunnar.



Starfsfólk Dagþjónustunnar í Ekru. F.v: Ásta, Bylgja, Stefanía og Anna

Guðlaug Árnadóttir

FÆÐINGARORLOFSLÍFIÐ Á HÖFN

Aðsend grein

Að búa í litlum bæ í fæðingarorlofi getur gefið hversdagslífinu allskonar áskoranir eins og dæmin hér til hliðar sýna, en flest sjáum við frekar alla kostina sem eru sem betur fer margfalt fleiri. Hér langar okkur til þess að segja stuttlega frá lífinu í fæðingarorlofi hér á Höfn og öllu því sem maður getur tekið þátt í, sem er sérstaklega stílað inn á foreldra í fæðingarorlofi.

Foreldrar eru með reglulega hittinga á þriðjudögum á bókasafninu og á fimmtudögum í safnaðarheimilinu í Hafnarkirkju. Stundum mæta fáir en oftast margir og það er alltaf jafn gaman. Þetta eru tímar í vikunni þar sem maður fær tækifæri til að hitta aðra og komast aðeins út úr húsi og spegla sig við aðra sem eru í sömu aðstæðum og maður sjálfur. Tíminn með litlu barni getur verið einangrandi og einmanalegur, þrátt fyrir að tíminn fljúgi áfram og maður er aldrei einn. Að mæta á foreldrahittinga er frábært tækifæri til þess að eignast nýja vini og er vettvangur til að kynnast fólki sem maður annars hefði ekki fengið tækifæri til.

Líkamsræktarstöðin Fenrir Elite hefur sl. mánuði verið með mömmu-fit tíma tvisvar í viku sem hafa verið vel sóttir af allskonar mömmum það er gott að hreyfa sig saman og finna líkamann styrkjast.

Við viljum hvetja alla foreldra í fæðingarorlofi til þess að koma sér inn á Messenger spjallið "Orlofsforeldrar á Höfn" þar sem við mælum okkur mót í göngutúra, deilum ráðum, áhyggjum og hlæjum saman. Til dæmis er hægt að fá starfsfólk í meðgöngu- og ungbarnavernd til að aðstoða við að koma sér þangað inn ef þú þekkir engan sem nú þegar er í spjallinu.

”

Á einhver auka stoðmjólk? Hún er búin í búðinni.

”

Veit einhver um far úr bænum? Var að kaupa kassa af bleium sem ég þarf að koma austur.

- Fegurðin í litlum samfélögum



Ef þú veist af foreldrum í fæðingarorlofi í sveitarfélaginu, þá endilega hnipptu í viðkomandi og bentu þeim á þessa grein.

Að lokum viljum við minna foreldra á að kynna sér vel réttindi sín. Dæmi um styrki sem foreldrar geta átt rétt á:

- *Dvalarstyrkur fyrir barnshafandi foreldri* - Vinnuálastofnun.
- *Fæðingarstyrkur* - Stéttarfélag
- *Foreldrastyrkur* - Kvenfélagið Vaka
- *Ferðastyrkir* - Sjúkratryggingar Íslands.

Sjáumst!

Fyrir hönd orlofsforeldra á Höfn, Anna Ragnarsdóttir Pedersen.



Myndir frá foreldrahittingi í safnaðarheimilinu í Hafnarkirkju 26. febrúar 2026

Viltu vera fastagestur?

Nú er hægt að kaupa baðkort sem veitir ótakmarkaðan aðgang að böðunum í Hoffelli. Kortið kostar 19.900 kr. og gildir fyrir einn fullorðinn. Hverju korti fylgir aðgangur fyrir tvö börn undir 12 ára aldri.

Gildistíminn er frá 1. febrúar til 30. nóvember 2026.



Tryggðu þér baðkortið
og njóttu í náttúrunni þinni

GLACIERWORLD

glacierworld.is



8. mars
kl. 14:00 Blúsmessa í Hafnarkirkju
19. mars
kl. 18:00 Innsetningarmessa í Hafnarkirkju.
Sr. Kristján Ágúst settur
inn í embætti
22. mars
kl. 11:00 Sunnudagaskóli í Hafnarkirkju
28. mars
kl. 11:00 Ferming í Hafnarkirkju
29. mars
kl. 11:00 Hátíðarmessa í Hofskirkju
29. mars
kl. 13:30 Hátíðarmessa í Brunnhólskirkju

Verið velkomin til kirkju
Sjá nánar á Facebook þegar nær dregur

MENNINGARHÁTIÐ SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJÖRÐUR

Menningarhátíð sveitarfélagsins verður haldin í Nýheimum föstudaginn 6. mars kl. 17:00. Þar verða veittir fjölbreyttir styrkir og viðurkenningar nefnda sveitarfélagsins, auk þess sem menningarverðlaun ársins verða tilkynnt.



Skemmtiatriði verða á dagskrá, ásamt veitingum frá Pakkhúsinu.
Öll velkomin



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Fermingar í Bjarnanesprestakalli 2026

Laugardagurinn 28. mars kl. 11:00

Hafnarkirkja

Björgvin Aríel Tryggvason Austurbraut 6

Skírdagur kl. 11:00

Hafnarkirkja

Aron Fannar Kristinsson Álaleira 16
Ágúst Logi Gíslason Hrísbraut 13
Björgvin Leó Gunnarsson Garðsbrún 2
Böðvar Ragnhildarson Holt
Freyja Margeirsdóttir Kirkjubraut 32
Gunnar Ernir Garðarsson Smárabraut 3
Ívar Örn Jónsson Kirkjubraut 23
Óliver Snær Ólason Silfurbraut 1
Sigurlaug Hrefna Aradóttir Silfurbraut 32
Vilhelm Vigfússon Hlíðartún 37

Skírdagur kl. 14:00

Kálfafellsstaðarkirkja

Bæring Logi Björnsson

Gerði

Kári Þeyr Ingason

Heiðarbraut 1

Hvítasunnudagur kl. 11:00

Hafnarkirkja

Garpur Guðjónsson

Hlíðartún 31

Guðbjörg Lilja Jóhannsdóttir

Heiðarbraut 2

Hinrik Guðni Bjarnason

Hagatún 14

Markús Mjólnir Gíslason

Álaleira 13 B

Hvítasunnudagur

Akureyri

Sara Dögg Helgadóttir

Fiskhóll 7



PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA

Aðsend grein

Að búa í samfélagi eins og Sveitarfélaginu Hornafirði er gefandi því hvert okkar er svo mikilvægt fyrir samfélagið. Við höfum öll svo mikið fram að færa, sama hvers kyns við erum, aldur okkar og hver sem uppruni okkar er. Öll skiptum við máli.



Ég hef alla tíð verið virkur í félagsstörfum, sungið í kórum, verið í stjórn ungmennafélags og pólitísku starfi. Dýrmæt reynsla sem maður á í reynslubankanum og miðlar svo áfram til annarra félaga. Að útdeila verkefnum er lykilatriði til að hópur virki sem best, hvort sem er á vinnustað eða í félagsstarfi.

Ég er eiginmaður, faðir og afi og þær stundir sem ég á með fjölskyldunni eru þær bestu í heimi. Ég er mikill náttúruunnandi og veit ekkert betra en að njóta þess að vera úti í íslenskri náttúru og sérstaklega í Lóninu. Ég hef alla tíð fylgst með fótbolta ásamt öðrum íþróttum. Að mínu mati er mikilvægt að börn og ungmenni hafi góðan aðgang að íþróttaiðkun, en mikilvægt er að allir hafi aðgang að fjölbreyttri afþreyingu, sama á hvaða aldri við erum.

Aðgengismál fatlaðra ásamt þjónustu við fatlaða einstaklinga

hafa alla tíð staðið hjarta mínu nær og ég er glaður að upplifa að við erum að standa okkur vel sem samfélag við okkar besta fólk. Það er loksins til bíll í eigu sveitarfélagsins til að þjónusta fólk í hjólastól. Einnig er ég spenntur fyrir endurnýjun húsnæðisins í Ekru.

Hagsmunir fyrir allt samfélagið eru mínar pólitísku áherslur, málefni fjölskyldna, sama á hvaða aldurskeiði, málefni fyrirtækjanna í sveitarfélaginu, viðhald og uppbygging innviða og eigna samfélagsins. Mikil hagsmunagæsla er framundan varðandi áframhaldandi uppbyggingu á vegum ríkisins og þar mun ég beita mér. Sama hvort það viðhald vega, fækkun einbreiðra brúa, endurnýjun hafnarmannvirkja, stuðningur við framhaldsskólann og áfram mætti telja.

Ég heiti Gauti Árnason og býð mig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismana þann 14. mars.

Gauti Árnason

FRÆÐSLUERINDI UM MÁTT TILFINNINGANNA



Dagana 9. og 10. mars verður Bjartur Guðmundsson á Höfn í Hornafirði með kraftmikið og skemmtilegt fræðsluerindi um mátt tilfinninganna og hvernig má örva taugakerfið til að hámarka árangur, frammistöðu og ánægju í leik og starfi.

Sveitarfélagið býður öllum íbúum á erindi **9. mars** á eftirfarandi tímum.

Kl. 14:30 - 16:00 í Sindrabæ.

Kl. 16:30 - 18:00 í Vöruhúsinu.

Upplifðu 90 mínútna erindi fullt af húmor, innsæi og hagnýtum aðferðum sem hjálpa þér að taka stjórn á tilfinningunum og nýta þær sem drifkraft til velgengni.

Bjartur verður einnig með erindið fyrir eldri Hornfirðinga í Ekruhallnum **10. mars** kl. 15:00 - 16:30

Vertu óstöðvandi og í topp tilfinningalegu ástandi!



 Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HÉR MORRAR ENGINN Í IÐJULEYSI

Aðsend grein

Lífið í FAS gengur sinn vanagang. Nemendur komu kraftmiklir til starfa eftir jólafríð og nú undirbúa þeir Opna daga sem haldnir verða í byrjun mars. Á þeim dögum verður hefðbundinni stundatöflu ýtt til hliðar og nemendur fást við skapandi viðfangsefni á borð við snyrtivörugerð, krossfítiðkanir og fleira skemmtilegt. Ef mér skjátlást ekki mun án efa verða gripið í spil inn á milli og þau sem trú eru sínum hornfirsku rótum munu þar vafalítið spila Hornafjarðarmanna.

Opnu dagarnir enda með árhátíð en á hana mæta þýskir nemendur frá Beverungen sem er þýskt þorp norður af Frankfurt. Þýsku nemarnir verða gestir okkar á Opnu dögum en hingað koma þeir til að kynna nemendum og námi í FAS. Sjö nemendur skólans munu endurgjalda ferðina og halda í heimsókn til Þýskalands um miðjan maí undir tryggri stjórn okkar ágætu kennara, þeirra Agnesar Heiðu Þorsteinsdóttur og Hjördísar Skírnisdóttur.

Nemendaskiptaverkefni hafa ætíð verið ríkur þáttur í starfi skólans en nú er lagt kapp á að efla þessi samskipti. Miðað er við að allir nemendur skólans fái í framtíðinni tækifæri til að hleypa heimdraganum og komist í utanför með FAS í gegnum alþjóðleg samstarfs- eða nemendaskiptaverkefni.

Foreldrar nemenda skólans hafa komið inn með krafti og styðja fullir eldmóðs við uppbygginguna hér í FAS. Til að mynda vinnum við að því að koma aftur á iðnnámi í Hornafirði og ekki má heldur gleyma því að við störfum þétt með sveitarfélaginu við að efla fjölmenningarsamfélagið; t.a.m stunda nú um 30 nemanám hér í Íslensku sem öðru máli við skólann. Í skólanum eru nú um 150 nemendur og staðnemunum er nú tekið að fjölga á ný. Fjarnámið hefur verið mikill vaxtarbroddur en þessi dægrin vinnum við að eflingu fjarnámsins og höfum notið til þess liðsinnis Sigrúnar Svövu Ólafsdóttur frá Svínafelli í Örnæfum en hún starfaði lengi sem sérhæfður kennsluráðgjafi við Háskólabrú Keilis. Einnig mun Lára Stefánsdóttir, skólameistari við Menntaskólann á



Nemendur bregða á leik í Nýheimum

Tröllaskaga, heimsækja okkur á næstunni og miðla okkur af sinni dýrmætu reynslu en skólinn hennar hefur staðið í stafni við þróun fjarnáms á framhaldsskólastiginu.

Ég hóf störf hér við skólann þann 1. nóvember. Ég er þakklátur fyrir góðar móttökur hér í sveitarfélaginu. Það er vart sá mannfagnaður hér sem mér hefur ekki verið tekið höndum tveim og ég skynja greinilegan hlýhug í garð skólans. Við í FAS tölum öll einum rómi um mikilvægi þess fyrir okkar landfræðilega einangraða sveitarfélag að eiga framhaldsskóla. Kennarahópurinn er kröftugur, hefur fjölbreyttan bakgrunn og menntun sem nýtist skólanum vel. Í skólanum er sem sagt kraftur og gleði og hér morrar sko enginn í iðjuleysi. FAS hefur átt góða vini fyrr sem nú, og nú leggjumst við öll á árarnar og gerum litla skólann okkar enn stærri og enn öflugri.

Guðjón Ragnar Jónasson



Nemendur FAS í Vöruhúsinu

ENGINN GETUR ALLT, ALLIR GETA EITTHVAÐ

Aðsend grein

Það er bæði ábyrgð og heiður að fá að vinna fyrir samfélagið sitt. Á undanföllum árum hef ég lagt mig alla fram við að sinna því hlutverki sem mér var treyst fyrir þegar niðurstöður síðustu sveitarstjórnarkosninga lágu fyrir. Starfsumhverfið er stundum flókið og krefjandi en það sem stendur uppúr er allt fólkið sem ég hef kynnst, óteljandi samtöl, ásamt þekkingu á allskonar málaflokkum sem ég tek með mér út í lífið. Hver hefði svosem trúað því að mitt helsta áhugamál árið 2026 væri rusl? Ekki ég, þið fáið að heyra meira af því síðar. Ég lít á þetta starf sem algjör forréttindi sem ég tek sannarlega ekki sem sjálfsgöðu.



Stjórnsmál snúast í grunninn um samskipti. Það þarf að hlusta, vinna náið með ólíkum einstaklingum, byggja tengsl og þannig mynda sterka liðsheilid sem vinnur saman að framtíð sveitarfélagsins, öll í sömu átt. Þetta samstarf hefur gengið virkilega vel á kjörtímabilinu, þvert á flokka. Ég hef myndað sterk tengsl við einstaklinga í sveitarstjórnunum víða um land ásamt alþingismönnum úr ólíkum flokkum. Ég nýti mér óspart samtöl við þetta fólk til að víða að mér upplýsingum og fjölbreyttum sjónarmiðum, enda erum við oft að glíma við sambærileg verkefni.

Tækifærið til að hafa áhrif á hvaða fólk vinnur fyrir ykkur næstu árin er núna. Af einlægum áhuga sækist ég eftir áframhaldandi trausti til þess að starfa í bæjarstjórn. Prófkjör Sjálfstæðisflokksins

fer fram 14. mars þar sem ég sækist eftir 1. – 2. sæti.

Í lokin langar mig að minna þig á kæri lesandi hvað jákvæðni getur verið smitandi. Neikvæð orðræða sem oft eykst fyrir kosningar gagnast engum. Það er allsstaðar rými fyrir bætingar, en ég er sannfærð um það að allir séu að gera sitt besta á hverjum tíma hvort heldur sem er hjá sveitarfélaginu eða annarsstaðar. Tölum samfélagið okkar upp, verum stolt af því og styðjum náungann til góðra verka. Enginn getur allt, allir geta eitthvað. Saman gerum við mest.

*Hjördís Edda Olgeirsdóttir
Formaður umhverfis- og skipulags-
nefndar, bæjarfulltrúi og frambjóðandi.*

NORÐURLJÓSABLÚS

5.-8. MARS Á HAFINU



FIMMTUDAGURINN 5. MARS
PUB-QUIZ Á HAFINU KL. 20:30
OG FORSALA HELGARPASSA

FÖSTUDAGINN 6. MARS
HLJÓMSVEITIN TVÖ OG SKALLI
HLJÓMSVEITIN REFILL
EYPÓR INGI OG ÓSKAR LOGI

LAUGARDAGINN 7. MARS
BLÚS DJAMM Á HAFINU KL. 14:00
THE CHA CHA CHA'S
GG BLÚS
HÁTT UPP TIL HLÍÐA

SUNNUDAGURINN 8. MARS
BLÚSMESSA Í HAFNARKIRKJU KL. 14
AÐGANGUR ÓKEYPIS

HÚSÍÐ OPNAÐ KL. 20:00
TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 20:30
HELGARPASSI 9.000 KR. STAKT KVÖLD 5.000 KR.

Takið helgina frá!



GÖNGULEIÐIR VIÐ HORNAFJÖRÐ

Ritstjóri hafði samband við Rannveigu Einarsdóttur og óskaði eftir því að fá að birta gönguleið úr bók hennar og Ferðafélags Íslands "Gönguleiðir við Hornafjörð".


Nú fer að vora og umhverfið okkar í Hornafirði býður upp á marga ævintýralega staði til að ganga um. Við báðum Rannveigu að velja eina leið úr bókinni sem væri góð gönguleið á þessum árstíma.

LEIÐ NÚMER 3

Leið númer þrjú út á Horni er létt og skemmtileg gönguleið sem er fær allt árið. Ekið er út af Þjóðvegi 1 við Almánaskarð og ekið út að Horni þar sem gangan hefst. Gengið er austur með fjallshlíðinni og fyrsti viðkomustaðurinn er gamli bærinn og umhverfi hans. Þar hefur verið reist víkingaborp sem gaman er að skoða. Þar er við hæfi að láta hugann reika til ársins 1873, en þá varð eitt mesta sjóslys sem sögur fara af hér úti fyrir ströndinni. Heimilisfólkið á Horni vann þá mikið björgunarafrek og hlúði að skipbrotsmönnum. Áfram er gengið austur með hlíðinni austur á Hafnartanga. Þar má sjá rústir herstöðvar sem þarna var starfrækt á stríðsárunum. Ef grannt er skoðað má einnig sjá

eldri rústir, sem eru rústir gamallar verstöðvar sem var í Hornsvík. Þangað komu menn frá öðrum landshlutum á vertíð. Einn af þeim var Kolbeinn sakamaður sem hafðist við í Kolbeinshelli sem er í hlíðinni upp af Hornsvík. Gengið er til baka og við Fiskakletta er gengið út með ströndinni eftir Kirkjusandi í átt að ratsjárstöðinni og þaðan milli hárra melgresishólanna meðfram veginum heim að upphafsstað við Horn.

Kirkjusandur er einstaklega slétt og falleg fjara. Þar er aðgrunnt og oft sléttur sjór. Hressandi er að fara úr sokkum og skóm og ganga berfættur eftir ströndinni. Þar er líka kjörinn vettvangur til sandkastalagerðar og fleiri leikja.



Börn að leik út á Horni



ÞJÓNANDI LEIÐSÖGN GÆSKA GEFUR GÆSKU

Aðsend grein

Velferðarsvið Hornafjarðar er að innleiða hugmyndafræði þjónandi leiðsögn. Nýverið kom Arne Friðrik Jónsson, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg og sérfræðingur í þjónandi leiðsögn, til okkar og var með mentora-námskeið fyrir nokkra starfsmenn ásamt því að vera með fræðslufyrirlestur fyrir alla starfsmenn Velferðarsviðs Hornafjarðar. Hlutverk mentora er að aðstoða við innleiðingu og er tilgangur innleiðingar að skapa jákvæðara og betra andrúmsloft, bæta samskipti og auka lífsgæði þjónustunotenda. Markmið þjónandi leiðsagnar er líka að mæta þjónustunotendum með virðingu, sýna þeim væntumþykju ásamt því að þau upplifi mannlega reisn. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn að veita skilyrðislausu umhyggju. Hugmyndafræðin byggir á kærleiksríkri nálgun og krefjandi hegðun er mætt með umhyggju og virðingu.

Grunnstoðir þjónandi leiðsagnar eru fjórar: Öryggi, að fá umhyggju og kærleika, að veita umhyggju og kærleika og þátttaka.

Öryggi: einstaklingur upplifi sig öruggan í návist starfsmanns, upplifi alltaf öryggi og sé laus við ótta.

Að fá umhyggju og kærleika: Starfsmaður beri hag einstaklings fyrir brjósti og sýni skilyrðislausan kærleika.

Að veita umhyggju og kærleika: Einstaklingur fær tækifæri til að eiga hlutdeild í lífi annarra, kynnast fólki og sýna umhyggju og kærleika.

Þátttaka: Einstaklingur fær tækifæri til að taka þátt og stjórna sínu lífi. Hann á líka val um að hafna þátttöku í athöfnum og verkefnum heima eða á vinnustað.

Verkfæri þjónandi leiðsagnar erum við sjálf. Í verkfærakassanum eru orð, augu, hendur og nærvera.

Orð: Notum hvetjandi, jákvæð orð og forðumst að skamma og skipa fyrir. Raddblærinn er hlýr og hvetjandi.

Augu: Notum hlýlegt augnatillit. Þösum að það sé samræmi á milli þess sem við segjum með orðum og þess sem við segjum



með augunum.

Hendur: Við notum snertingu til að sýna umhyggju, hrósa, hugga og hvetja. Förum ekki yfir mörk þar sem sumum finnst snerting óþægileg.

Nærvera: Snýst um að vera til staðar með fullri athygli ásamt því að sýna umhyggju og hlýju.

Fjölbreytileikavikan er í mars og er áhersla á kærleikann í ár. Velferðarsviðið ætlar að taka þátt og ætlum við að rýna í kærleikann með þjónandi leiðsögn í huga. Hvernig við sýnum kærleika þegar við setjum mörk svo eitthvað sé nefnt. Við munum ræða kærleikann í rapportum og nota kærleiks-hugleiðslur.

Við ætlum að vinna saman að því að koma góðum leiðbeiningum til nýrra starfsmanna. Við ætlum líka að hafa hópeflisdag þar sem starfsfólk og þjónustunotendur fara saman í allskonar leiki, borða saman og hlæja. Þjónandi leiðsögn er fyrir alla sem vilja sýna kærleika og hlýju, bæta samskipti, sýna öllu fólki virðingu og skilja að í krefjandi aðstæðum mætum við öllum með hlýju.

Hér höfum við stiklað á stóru og vonandi náð að gefa smá innsýn í hugmyndafræðina um þjónandi leiðsögn.

Gæska gefur gæsku.

Hljár kveðjur

Ragnheiður Rafnsdóttir, verkefnastjóri lðju og Dagþjónustu.



Klara Ösp, Wiktoría Anna, Helga, Þóra Birna og Aðalheiður Sól

KASK
Flutningar

Daglegar ferðir milli
Hafnar og Reykjavíkur
Sími: 470 8220

Kútmagakvöld Lionsklúbbs Hornafjarðar

VERÐUR HALDID Á HEPPU RESTAURANT
LAUGARDAGINN 28. MARS 2026.

Í BODI VERÐUR SJÁVARRÉTTAHLADBORD AÐ
HÆTTI LIONSKLÚBBSINS KOLGRÍMU.

VEISSLUSTJÓRI VERÐUR ÁSI GUÐNA UPPISTANDARI OG
ÚTVARPSMADUR Á K100.

HÚSID OPNAD KL. 19:00 OG MATUR HEFST 19:30.

EFTIR BORDHALD OG SKEMMTUN VERÐUR BÖGGLAUPPBOD
SEM RENNUR ÓSKIPT TIL GÓÐRA MÁLA Í HORNAFIRÐI.



Miðaverð: 8.000kr
Forsala miða verður í Bergspor hjá Erlu Berglindi

LÍFSGÆÐI SEM FINNAST EKKI ANNARS STAÐAR

Aðsend grein: HeimaHöfn

Stundum kalla félagarnir Hermann Bjarna „Reykvíkinginn“ og vissulega fæddist hann í Reykjavík og bjó þar fyrstu árin. Hann var þó ekki nema átta ára þegar fjölskylda hans flutti til Hafnar, á heimaslóðir móðurfjölskyldunnar. Og hér hefur Hermann Bjarni skotið rötum og segist sjá framtíð sína í Hornafirði.

SVEINSPRÓFI LOKIÐ OG MEISTARANÁM HAFIÐ

Hermann Bjarni gerðist handlangari hjá pípara á svæðinu fyrir nokkrum árum, eiginlega fyrir tilviljun. Starfið heillaði og hann ákvað að leggja greinina fyrir sig. Sveinsprófi lauk hann frá Tækniskólanum í Hafnarfirði árið 2024 með glæsibrag og hlaut viðurkenningu frá forseta Íslands. Sama ár lauk hann einnig stúdentsprófi.

„Þegar ég klára skólann er ég með vinnu sem pípari í Reykjavík en finn að ég er ekki að finna mig á þeim stað. Þetta er bara annað sport úti á landi. Þá fer ég að spyrjast fyrir um íbúð til að leigja hér á Höfn og hitti svo sannarlega holi í höggi þar sem fyrstu skilaboð enduðu á því að ég flyt hingað í mars 2024.“

Málin hafa svo þróast á þá leið að Hermann Bjarni er orðinn húseigandi á Höfn og sækir sér frekari menntun í pípulögnum.

„Ég er nýlega búinn að kaupa mér hús og er byrjaður í meistaranámi. Stefnan er að opna mitt eigið pípulagningafyrirtæki einn daginn.“

Fagsvið Hermanns Bjarna er að hans sögn ein helsta ástæða þess að hann valdi að búa hér. Pípulagnir eru einnig vettvangur mikilla félagslegra tengsla.

„Í gegnum þetta starf kynnist ég ótrúlega mörgu fólki sem ég hefði annars aldrei kynnst.“

GEFANDI FRÍSTUNDIR

Það leynir sér ekki að Hermann Bjarni kann vel við sig í námi og starfi. Frítímamann nýtir hann einnig vel og þar leikur útivist stórt hlutverk.

„Ég hef mikinn áhuga á útivist og hreyfingu. Ég stunda golf af krafti á sumrin. Svo reyni að fara í fjallgöngur þegar ég get, ýmist til að fara í fjallahlaup eða bara til að upplifa íslensku náttúruna. Fór í fjölmargar eftirminnilegar fjallgöngur síðasta sumar, á Ketillaugarfjall, Klifatind og upp að Hoffellsvatni, bara til að nefna nokkrar. Ekki slæmur staður til að vera ef þú vilt skreppa í fjallgöngu!“

Um árabíl stundaði Hermann Bjarni fótbolta. Hann hefur nú tekið sér hlé frá þeirri grein en snúið sér að CrossFit.

„Ég æfði fótbolta lengi vel og var það einnig mikil ástæða fyrir því að ég vildi vera hér frekar en í Reykjavík. Ég reyndi að æfa með nokkrum félögum í Reykjavík en fann að það var bara ekki sami andi eða ára í búningsklefanum þar og er hér. Hér leið manni mun meira eins og hluti af liði eða af einni heild. Eitthvað sem ég upplifði ekki í bænum. Svo fór ég að stunda CrossFit hjá Fenri Elite fyrir um ári og eignast þar fullt af vinum og kunningjum.“

EINSTAKLINGURINN PARTUR AF SAMFÉLAGINU

Að mati Hermanns Bjarna verður hver einstaklingur hluti af samfélaginu á



sérstakan hátt á landsbyggðinni og það finnst honum mikilvægt. Hann segist gjarnan greina frá þessu þegar fólk spyr hvers vegna hann velji að búa úti á landi.

„Hérna er maður partur af samfélagi. Hérna er maður einhver. Hér er auðveldara að sýna sig, minna á sig, gera eitthvað úr sínu nafni! Hér þurfa allir að gera sitt til að halda uppi samfélaginu.“

Hermann Bjarni telur lífið á landsbyggðinni búa yfir mikilsverðum lífsgæðum sem fólk annars staðar er ekki endilega meðvitað eða upplýst um.

”

„Mikilvægt er að kynna lífið úti á landi betur. Þetta er ekki jafn slæmt og síðasta útilegan eða blautt tjald á þjóðhátíð. Það eru lífsgæði hér úti á landi sem finnast ekki annars staðar.“

Framtíðaráformin miða að áframhaldandi búsetu á svæðinu, eða eins og hann orðar það glettinn: „Þið eruð föst með mig!“

Fleiri viðtöl má lesa á heimasíðu HeimaHafnar heimahofn.is/sogur

HEIMAHÖFN

SAMFÉLAGSPÁTTTAKA UNGS FÓLKS

Aðsend grein

HeimaHöfn hóf sitt annað starfsár síðastliðið haust og er áherslan nú á samfélagsþátttöku ungmenna. Fyrir þau sem þekkja ekki verkefnið er HeimaHöfn samfélagsverkefni á vegum Nýheima þekkingarseturs sem miðar að því að styrkja tengsl ungs fólks við heimabyggð sína. Verkefnið vinnur með ungmönnum á aldrinum 16–25 ára í samstarfi við skóla, atvinnulíf og aðra lykilaðila samfélagsins og býður upp á ráðgjöf, tengslamyndun og ýmis tækifæri til þátttöku og fræðslu. Markmið HeimaHafnar á öðru starfsári er að efla tengsl ungmenna við samfélagið sitt og auka félagslega virkni þeirra ásamt því að styrkja sjálfstraust og skapa vettvang þar sem þau geta haft raunveruleg áhrif á nærumhverfið.



Í haust hlaut verkefnið styrk úr Örvari, styrktarsjóði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, til að vinna verkefnið Samfélagið okkar í samstarfi við ungmennaráð Hornafjarðar. Markmiðin voru annars vegar að styrkja ungmenni í sjálfstæðri upplýsingamiðlun og myndbandsgerð og hins vegar að miðla sýn þeirra á samfélagið til annarra ungmenna og íbúa. Vinnan var tvíþætt, fyrst unnu ungmennin í vinnustofu þar sem jákvæðir þættir samfélagsins voru kortlagðir út frá áherslum HeimaHafnar. Í kjölfarið tóku ungmennin þátt í framleiðslu og upptökum myndefnis þar sem rödd þeirra og sýn fengu að njóta sín. Myndböndin verða kynnt á næstunni.

Yfir veturinn hefur HeimaHöfn einnig staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum. Í jólafríinu var haldið pop-up ungmennahús í samstarfi við DOKK þar sem ungmenni gátu hist, skapað og átt samverustund. Stelpu- og strákaviðburðir voru haldnir í febrúar fyrir nemendur í 10. bekk og FAS. Viðburðirnir byggðu á hugmyndum sem nemendur sjálfir lögðu fram á fundi verkefnisins í haust. Strákaviðburðurinn fór fram hjá Fenri Elite þar sem Erlendur Rafnkell Svansson leiddi dagskrá sem lauk með kraftmikilli crossfit æfingu. Stelpuviðburðurinn var leiddur af Lukku Óðinsdóttur, förðunarfræðingi, þar sem farið var yfir grunnatriði í húðumhirðu, einfaldri dagförðun og hárgreiðslu. Viðburðirnir voru vel sóttir og einkenndust af jákvæðni og áhuga.



Sýna þeir vel hvernig samstarf við aðila í nærumhverfinu getur skapað uppbyggileg tækifæri fyrir ungmenni utan skólatíma.

Framundan eru fleiri viðburðir sem byggja á virkri þátttöku nemenda. Í mars er stefnt að badmintonæfingu og sjálfstyrkingarviðburði fyrir nemendur FAS og 10. bekkjar með Bjarti Guðmundssyni. Í apríl er áformuð kajakerð þar sem ungmenni taka þátt í undirbúningi frá upphafi til enda og fá þannig innsýn í skipulag og framkvæmd viðburða. Einnig verður atvinnukynning fyrir nemendur í apríl. Það verður því nóg um að vera og við hlökkum til vorsins.

Verkefnastjóri HeimaHafnar,
Nejra Mesetovic

Auglýsing um skipulagsmál

Kynningarfundur um deiliskipulagstillögu Skarðshóla verður haldinn **þriðjudaginn 10. mars 2026 kl. 12:00** í fundarsal ráðhússins.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

SAMRÁÐSFUNDIR SAMTAL VIÐ ATVINNULÍFIÐ

LANDBÚNAÐUR
HROLLAUGSSTAÐIR 11. MARS KL 17:00

SJÁVARÚTVEGUR
NÝHEIMAR 16. MARS KL 17:00

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
NÝHEIMAR 17. MARS KL 17:00

FERÐAÞJÓNUSTA
HROLLAUGSSTAÐIR 18. MARS KL 17:00
STAÐFUNDIR
SKRÁNING Í STREYMI - EVA@NYHEIMAR.IS



YOVO Í VESTUR-AFRÍKU

Greinarhöfundur: Eyjólfur Guðmundsson

Á ferð minni um Benín, Tógó og Gana í janúar síðast liðnum hópuðust oft að okkur börn sem kölluðu yovo, yovo.



Yovo merkir útlendingur

eða hvítingi á máli Fonmanna sem er fjölmennasta þjóðin í Benín en yovo er einnig notað víða í Vestur-Afríku yfir hvíta ferðamenn. Ferðapjónustan á svæðinu er ekki umfangsmikil en þó vaxandi; oft voru vorum við einu ferðamennirnir á þeim stöðum sem við heimsóttum. Ég var í fimmtán manna hóp, tólf ferðamenn ásamt tveimur leiðsögumönnum og bílstjóra. Farið var á milli staða í smárútu og oftast gist eina nótt á hverju hóteli; alls á tólf hótelum á sextán dögum. Morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur var innifalinn. Ferðaskrifstofan sem ég fór með er bresk sérhæfir sig í ferðum til lítt þekktra ferðamannastaða. Hótelin voru flest vel ofan við meðallag og þjónustan yfirleitt til fyrirmyndar. Sama má segja um veitingastaðina og þá sérstaklega þá staði sem við fórum á í hádeginu. Ýmist var boðið upp á val af matseðli eða hlaðborð, iðulega prírétta ef menn svo kusu. Ríkulegt úrval var af súpum, grænmeti, kjöti, fiski og ávöxtum. Kjötið er oftast geitakjöt eða kjúklingur en einnig lamb, svín og naut. Fiskurinn var ýmist eldisfiskur eða villtur, hvorutveggja virkilega góður fiskur. Einn ferðafélaginn pantaði sér reyndar í tvígang rottukjöt sem ég fékk að smakka hjá honum en fannst ekki gott. Ferskleikinn í ávöxtum er eðlilega mikill og margir fengu sér mangó í hvert mál sem var alltaf



í boði ásamt ananas. Áhugavert er að bera saman hlutfall kjöts og grænmetis á veitingastöðunum í Vestur-Afríku við það sem tíðkast á Íslandi. Í Vestur-Afríku er uppistaðan það sem við nefnum gjarnan meðlæti.

Á stöðunum sem við stoppuðum á og þar sem við ókum um þorp og bæi var matvara til sölu við veginn og oftast ekki voru bæði hænsn og geitur á vappi. Bæði var til sölu skyndibiti og matur til eldunar. Einkum í Benín var skyndibitinn afgreiddur í litlum svörtum plastpokum

sem fólk henti frá sér á staðnum. Skurðir og vegkantar voru þar þaktir af svörtum plastpokum; hugmyndir um að draga úr notkun plastpoka fyrir skyndibita eru kæfðar með framlögum í kosningasjóði stjórnámalmanna.

Hvorki fátækt né ríkidæmi var áberandi á þeim stöðum og svæðum sem við fórum um. Fyrir kom að maður sá umkomulaust fólk við götur og vegi en mun sjaldnar en víða annars staðar sem ég hef farið um. Allir virðast hafa nóg að borða enda skilyrði til ræktunar óvíða betri. Sama má segja um fatnað, gegnum sneitt vel klætt fólk og margir í litríkum fatnaði háttbundnum. Algengt er að keyptur sé efnisstrangi og saumað úr honum fyrir alla í fjölskyldunni. Efnisstrangarnir eru gjarnan innfluttir frá Kína þó bómullarræktun sé mikil á svæðinu en bómullinn er nær öll flutt út án frekari vinnslu á svæðinu. Allt annað er upp á teningnum í kakóræktinni þó það sé nær allt flutt út þá er aldinið nýtt til hins ítrasta með framleiðslu á smyrslum og náttúrylfjum. Enn frekar á þetta við um raffía pálmatrén sem eru nýtt til matar, bruggunar, til körfugerðar, sem eldiviður, í húsgögn og hús.



Börnum í ferðapjónustuþorpinu Bamang Ashanti í Gana austur af Kumasi finnst gaman að hitta yovo



Stauraporið Ganvie við Nokwevatn

Þó Benín, Tógó og Gana séu um margt gósenlönd ræktunar þá eru þar blikur á lofti vegna hlýnunar jarðar af mannavöldum. Á undanförunum árum hefur röskun á rigningartíma valdið vandræðum við ræktun og einnig hefur strandrof aukist sem hefur verið mætt með byggingu varnargarða. Fólki í Vestur-Afríku er ekki með neyslu sinni að valda miklum gróðurhúsaáhrifum en þarf samt að glíma við afleiðingar þeirra.



Útimarkaður í Akkra í Gana

Auk fæðu og klæða er húsnæði hluti af grunnþörfum fólks í Vestur-Afríku líkt og hjá okkur. Á leið okkar um svæðið sáum við oft uppsteypt hús að fullu eða hluta en óklárud að öðru leyti; jafnvel staðið þannig í áratugi. Lánafyrirgreiðsla er af skorum skammti og flestir eru að byggja einungis fyrir eigin aflafé.

77

Ferðin var ævintýri hvern dag, vakti margar spurningar en dýpkaði einnig skilning og jók þekkingu. Hún var auglýst sem vúdútrúarhátíðarferð og það að kynnast þeim trúarbrögðum var eitt af því lærdómsríkasta í ferðinni.

Bæði með því að sjá og upplifa djúpar menningarlegar rætur vúdútrúarinnar í samfélögum á svæðinu og um leið átta sig á hve villandi mynd er dregin upp af vúdú í vestrænu sjónvarps- og kvikmyndafni.

Þarvareinnigáhugavertaðfásjónarhorn heimamanna á þrælaverslunina. Margir vita að hún hefði ekki getað farið fram nema með þátttöku íbúa svæðisins sem seldu Vesturlandabúum stríðsfanga fyrir byssur sem aftur styrktu þá í átökum konungsvelda á svæðinu. Þrældómur stríðsfanga hafði við-gengist í langan tíma

áður en Evrópubúar komu til sögunnar en sá þrældómur var þó ekki, samkvæmt upplýsingum leiðsögumans, byggður á algjörri afmennskun líkt og þrælaverslun gullna þríhyrningsins gerði.

Hluti af upplifun minni í ferðalögum á framandi slóðir er að velta fyrir mér skipulagi ferða, móttöku heimamanna og samsetning ferðafélagahópsins. Í þessari ferð var hópurinn lítill en með fjölbreytilegar tengingar við mismunandi svæði. Bæði vegna margra ferðalaga og vegna uppruna. Ein kona var fædd í Madagaskar, á franskan föður og sænskan eigimann; er með þrefalt ríkisfang. Hjón frá Bandaríkjunum voru fædd í Palestínu og Líbanon og bandarískur gyðingur átti ættir að rekja til Litháen. Fleiri hafa tvöfalt ríkisfang og hafa búið um lengri tíma í öðru landi en heimalandi. Samræður, spurningar og vangaveltur ferðafélaganna voru því mjög áhugaverðar. Til dæmis frásagnir um að vera ferðamaður á Íslandi fyrir og eftir 2015.

Þessi ferð og fleiri slíkar leiða hugann að því hvernig við skipuleggjum ferðabjónustu á okkar svæði og hvernig tökum við á móti ferðamönnum. Markmiðið með ferðabjónustu þarf að vera meira en skapa atvinnu og græða peninga. Það skiptir einnig máli að uppbyggingin sé í sátt við náttúru og samfélag. Ég held að við getum byggt upp ferðabjónustu sem þjónar samfélagslegum hagsmunum íbúa svæðisins og óskum um öflugra og innihaldsríkara samfélag.



Dancoli vúdúfórnaarstaðurinn í Benín

SÁ Á KVÖLINA SEM Á VÖLINA

Aðsend grein

Nú stýttist í sveitarstjórnarkosningar og gefst okkur, kosningabærum íbúum þá tækifæri til að velja okkur þann flokk sem við viljum að sitji við stjórnvölin næstu fjögur árin.



Sjálfstæðisflokkurinn á Hornafirði heldur að þessu sinni prófkjör þar sem flokksbundnum sjálfstæðismönnum gefst kostur á að velja frambjóðendur á listann sinn. Sjálf sækist ég eftir þriðja sæti á þeim lista.

Ég tel að það skipti miklu máli að fólki séu gefnir valkostir varðandi þjónustu sveitarfélagsins og menn geti hagrætt sínum málum þannig að það komi sem best út fyrir hvern og einn. Við búum við ólíkar aðstæður, erum af ólíkum uppruna og höfum ekki öll sömu gildi eða væntingar.

Ég er sjálf uppalin í dreifbýlinu og settist þar að en sækji atvinnu í þéttbýlið. Ég á börn í leik- og grunnskóla svo ég finn á eigin skinni hvernig málin standa þar. Ég er í góðu sambandi við fólkið í kringum mig og vil stuðla að meiri gæðum í daglegu



lífi íbúa sveitarfélagsins en með auknu vali tel ég að megi bæta lífsgæði og einfalda líf fólks.

Það að við höfum val um búsetu, án þess að það bitni á jafnræði í þjónustu, að börnin okkar sitji við sama borð þegar kemur að íþróttum og öðrum tólmstundum, skiptir allt máli. Fjölbreytt atvinna og húsnæði eru lykilforsendur þess að það sé raunhæfur kostur að flytja aftur heim að loknu framhaldsnámi eða ævintýraleit. En einnig verðum við að standa vörð um það nám sem hér fer fram.

Ég tel að það sé mikilvægt fyrir okkur sem sveitarfélag að hafa sem flesta aldurshópa hér á svæðinu, það auðgar samfélagið.

Ég vil stuðla að bættri nýtingu fjármagns og mannauðs sveitarfélagsins. Margt hefur áunnist undanfarin fjögur ár en við þurfum að halda áfram og gera enn betur, með nýju fólki koma nýjar hugmyndir.

Þitt er valið.

*Með vinsemd og virðingu,
Ásta Steinunn Eiríksdóttir*

HÆRRI KRÖFUR, BETRI ÁRANGUR!

Aðsend grein

Reynir Ásgeirsson heiti ég og hef ég búið á Hornafirði óslitið öll mín 32 ár. Ég lauk stúdentsprófi frá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu 2013, eftir það hóf ég uppbyggingu í ferðaþjónustu á Seljavöllum, Hornafirði og hef ég unnið í kringum það síðan samhliða annarri uppbyggingu á Hornafirði.



Stefna mín er skýr, ég vil stuðla að öflugu atvinnulífi þar sem að fyrirtæki sjá tækifæri í að fjárfesta og skapa störf á svæðinu. En öflugt atvinnulíf er undirstaða alls.

Ég brenn fyrir uppbyggingu Hornafjarðar og ég vil stuðla að uppbyggingu á öllum sviðum bæði hjá sveitarfélaginu sjálfu, fyrirtækjum og íbúum þess.

Einnig vil ég létta til með barnafjölskyldum, Hornafjörður á að vera besti staður á Íslandi til að eignast og ala upp börn.

En fyrst og fremst mun ég starfa fyrir íbúa á Hornafirði og mun stefna mín þróast og mótast næstu árin eftir þörfum þeirra hverju sinni.

Ég hef því ákveðið að bjóða mig fram í fyrsta sæti Sjálfstæðisflokksins á Hornafirði

Reynir Ásgeirsson

SLYSAVARNADEILDIN FRAMTÍÐIN OG BJÖRGUNARFÉLAG HORNAFJARÐAR

Aðsend grein

Síðastliðna mánuði hefur verið mikið að gera hjá báðum deildum. Við höfum verið að vinna í byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar sem gengur mjög vel. Við byrjuðum nýja árið á að flytja okkur yfir í nýja húsið með formlegum hætti. Mættum við úr báðum deildum hjá gamla húsinu og voru fána okkar dregnir niður af reyndum félögum og gengum við öll saman að nýja húsinu okkar og drógum fána okkar upp þar. Að lokinni fánahyllingu fórum við inn í hús þar sem boðið var upp á kaffi og vöffur.

Nýja húsið okkar er í vinnslu og eru bæði Frumherji og Sjúkrabílarinn að komast að í nýja húsinu. Salurinn hjá Björgunarfélaginu er kominn á góðan stað og er hægt að nota þá aðstöðu að einhverju leyti.



Félagar úr báðum deildum drógu niður fána við eldra húsnæðið

Slysavarnadeildin Framtíðin er flutt með allt sitt í nýja húsið þó að við getum ekki notað það strax en stefnum samt á að halda upp á sumardaginn fyrsta með kaffisölu í nýja húsinu. Þá gefst bæjarbúum kostur á að koma í kaffi og kökur og í leiðinni að skoða húsið sem er hið glæsilegasta.

Allt þetta er gert í sjálfböðavinnu og eru félagsmenn dugnaðar fólk sem lætur ekkert stoppa sig. Þessi vinna er gífurlega mikil og aðdáunarvert að fylgjast með fólki sem gefur mikið til samfélagsins í þessari vinnu. Björgunarmiðstöð er fyrir allt samfélagið, því það má eiginlega segja það að við þurfum örugglega einhvern tímann á lífsleiðinni aðstoð frá sjálfböðaliðum hvar sem þeir eru og þurfum við því að hafa aðstöðu fyrir tæki, tól og mannskap.

Allt þetta þarfnast fjármagns og hafa fyrirtæki og einstaklingar verið dugleg að styrkja okkur og höfum við líka staðið fyrir allskonar fjáröflunum. Héldum við konudags kvöld á veitingahúsinu Heppunni með flottri matarveislu og heppnaðist glæsilega með góðri mætingu ykkar Hornfirðinga og erum við í skjýjunum með kvöldið. Viljum við þakka Heppu fyrir aðstoð og lánið á salnum, Pakkhúsinu fyrir alla aðstoð ásamt kokkunum, þeim Stefáni Reyni og Alexander Alvin fyrir þeirra vinnuframlag.

En betur má ef duga skal. Við ætlum að skella í eitt happdrætti sem kallast Björgunarlínan. Munum við ganga í hús í byrjun mars ásamt því að selja í Nettó. Allur ágóði þessa happdrættis mun renna til Björgunarmiðstöðvarinnar. Við vonum það innilega að þið Hornfirðingar takið vel á móti sölufólki okkar eins og alltaf.

*Fjóra Jóhannsdóttir,
Formaður Slysavarnadeildarinnar Framtíðarinnar*

*Finnur Smári Torfason,
Formaður Björgunarfélags Hornafjarðar*



Fánarnir voru svo dregnir upp við nýju björgunarmiðstöðina

VIÐBURÐARDAGATAL

HVAÐ ER UM AÐ VERA?

Fimmtudagur 5. mars

- 19:30 Kósýkvöld Slysavarnadeildarinnar Framtíðarinnar í Vöruhúsinu. Takið með prjóna, fönður eða spil
20:30 Pub-quiz í tengslum við Norðurljósablús á Hafinu

Föstudagur 6. mars

- 16:00 Föstudagssamvera Félags eldri Hornfirðinga í Ekru
17:00 Menningarhátíð sveitarfélagsins. Afhending styrkja, tónlist og veitingar í Nýheimum
20:00 Norðurljósablús á Hafinu

Laugardagur 7. mars

- 13:00 Opið í Hirðingjunum fyrsta laugardag í mánuði til 15:00
14:00 Blúsdjamm á Hafinu
19:00 Góuhóf í Hofgarði. Miðasala í síma 864-5456
20:00 Norðurljósablús á Hafinu

Sunnudagur 8. mars

- 14:00 Blúsmessa í Hafnarkirkju

Mánudagur 9. mars

- 14:30 Bjartur Guðmundsson með fræðslu í Sindrabæ
16:30 Bjartur Guðmundsson með fræðslu í Vöruhúsinu

Priðjudagur 10. mars

- 15:00 Bjartur Guðmundsson með fræðslu sniðna fyrir eldri Hornfirðinga í Ekru salnum
16:00 Samráðsfundur um fyrirkomulag sumarfrístundar verður í Vöruhúsinu. Allir áhugasamir hvattir til að mæta

Miðvikudagur 11. mars

- 16:00 Kynning á tækjum og tækni í Fablabsmiðjunni í Vöruhúsinu
17:00 Samtal við atvinnulífið, landbúnaður. Fundur byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins á Hrollaugsstöðum

Laugardagur 14. mars

- 10:00 Prófkjör Sjálfstæðisflokksins til kl. 16:00
14:00 Opið hús í Gömlubúð. Krakkaklúbburinn Kóbra með listasmiðju og kynning á nýrri byggðasafnsýningu
19:00 Leikfélag Hornafjarðar frumsýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði

Sunnudagur 15. mars

- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð!

Mánudagur 16. mars

- 17:00 Samtal við atvinnulífið, sjávarútvegur. Fundur byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins í Nýheimum

Priðjudagur 17. mars

- 17:00 Samtal við atvinnulífið, verslun og þjónusta. Fundur byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins í Nýheimum
17:00 Spaghettibandið með opna æfingu í Gömlubúð til kl.20:00

Miðvikudagur 18. mars

- 17:00 Samtal við atvinnulífið, ferðaþjónusta. Fundur byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins fer fram á Hrollaugsstöðum

FASTIR LIÐIR

★ MÁNUDAGUR

- 10:00 Gönguhópur Félags eldri Hornfirðinga
13:00 Félag eldri Hornfirðinga og Selið dagdvöl stendur fyrir söngstund í Ekru

★ MIÐVIKUDAGUR

- 10:00 Gönguhópur Félags eldri Hornfirðinga
13:00 Prjónakaffi á bókasafninu
13:00 Félagar eldri Hornfirðinga prjóna og hittast í kaffi eftir hádegi í Ekru

★ FÖSTUDAGUR

- 09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia

★ PRIÐJUDAGUR

- 09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia
10:30 Krílakaffi á bókasafninu
13:00 Félag eldri Hornfirðinga og Selið dagdvöl stendur fyrir línudansi í Ekru

★ FIMMTUDAGUR

- 09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia
13:30 Hreyfing í vatni með Félagi eldri Hornfirðinga í sundlauginni
16:30 Opið í Hirðingjunum, Ófeigstanga 17, til kl. 18:30

★ LAUGARDAGUR

- 10:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn

★ SUNNUDAGUR

- 11:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn

MARS

Fimmtudagur 19. mars

- 18:00 Innsetningarmessa í Hafnarkirkju.
Sr. Kristján Ágúst settur inn í embætti
- 19:30 Kósýkvöld Slysavarnadeildarinnar Framtíðarinnar í
Vöruhúsinu. Takið með þrjóna, föndur eða spil

Föstudagur 20. mars

- 16:00 Föstudagssamvera Félags eldri Hornfirðinga í Ekru
- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði

Laugardagur 21. mars

- 11:00 Kvennaborðið: Öruggt sameiginlegt rými til að æfa íslenskuna okkar / "A shared safe space to practice our Icelandic" á bókasafninu
- 13:00 Páskasamvera leikskólans í Nýheimum
- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði

Sunnudagur 22. mars

- 11:00 Sunnudagaskóli í Hafnarkirkju
- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði

Mánudagur 23. mars

- 10:00 Myndataka á bókasafninu 23. - 28. mars í tengslum við fjölbreytileikaviku. Bókasafnið lokar kl. 17:00

Þriðjudagur 24. mars

- 14:00 Ársfundur Nýheima þekkingarseturs á netinu,
www.nyheimar.is/arsfundur26

Miðvikudagur 25. mars

- 14:00 Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands í Nýheimum
- 15:00 Bókaklúbbur á bókasafninu. Huldukonan eftir Fríðu Ísberg
- 16:30 Páskasmiðja, námskeið í Fablabsmiðjunni í Vöruhúsinu, skráning nauðsynleg
- 17:00 Kazoo og Kölski með opna æfingu/tónleika í Gömlubúð til 19:00

Fimmtudagur 26. mars

- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði
- 20:00 Bókakynning á bókasafninu. Kristín Svava Tómasdóttir kynnir Fröken Dúllu

Föstudagur 27. mars

- 20:00 Leikfélag Hornafjarðar sýnir Gleðilega hátíð! í Mánagarði
- 23:59 Skil á efni og auglýsingum vegna 3. tbl. Eyrstrahorns

Laugardagur 28. mars

- 11:00 Síðasti dagur myndatöku í tengslum við fjölbreytileikaviku og páskaföndur á bókasafninu til 15:00
- 11:00 Ferming í Hafnarkirkju
- 17:00 Blúsdjamm í Gömlubúð til 19:00
- 19:00 Kútmagakvöld Lionsklúbbs Hornafjarðar á Heppu. Forsala í Berg-spor
- 20:00 Lokasýning Leikfélags Hornafjarðar á sýningunni Gleðilega hátíð! í Mánagarði



FLEIRI VIÐBURÐIR?

Sunnudagur 29. mars

- 11:00 Hátíðarmessa í Hofskirkju
- 13:30 Hátíðarmessa í Brunnhólskirkju
- 17:00 Skák í Gömlubúð - "Multicultural chess night"

Mánudagur 30. mars

- 10:00 Páskaföndur á bókasafninu til 17:00

Þriðjudagur 31. mars

- 10:00 Páskaföndur á bókasafninu til 17:00
- 13:00 Ræktun íslenskra hrossa - tengsl byggingar og hæfileika, í Fjárhúsinu í Örafum

Miðvikudagur 1. apríl

- 10:00 Páskaföndur á bókasafninu til 17:00

Fimmtudagur 2. apríl - Skírdagur

- 16:30 Opið í Hirðingjunum til kl. 18:30
- 11:00 Ferming í Hafnarkirkju
- 14:00 Ferming í Kálfafellsstaðarkirkju

Er viðburður framundan sem þú telur að eigi heima hér?

HAFÐU SAMBAND eystrahorn@eystrahorn.is



SINDRI Á SCANIA CUP 2026

Aðsend grein

Ótrúlegt afrek ungra körfuboltaleikmanna

Nú um páskana heldur 7. flokkur Körfuknattleiksdeildar Sindra, skipaður fimm drengjum fæddum árið 2013 og tveimur drengjum fæddum 2014 á Scania Cup, sem kallað hefur verið Norðurlandamót félagsliða. Mótið hefur verið haldið frá árinu 1981 og er boðsmót fyrir sterkustu lið hvers lands fyrir sig. Á þetta mót er þeim liðum sem enda í efstu sætunum í Íslandsmótinu boðið til að keppa við sterkustu lið hinna Norðurlandanna. Mótið er haldið ár hvert í Södertalje í Svíþjóð, rétt utan við Stokkhólm.



Þessir afreksdrengir enduðu í 3. sæti í Íslandsmótinu 2025 og eru, eftir 3 umferðir í yfirstandandi móti, í 3. sæti á eftir aðeins Stjörnuni og KR, sem enduðu í efstu tveimur sætunum í síðasta móti. Það að við skulum eiga lið í efstu styrkleikaflokkum Íslandsmóts er gríðarlegt afrek, sérstaklega ef við mátum okkur við höfðatölu sem við landsmenn erum duglegir að gera við hin ýmsu tækifæri. Til dæmis má nefna að við endum ofar en Breiðablik sem kemur úr Kópavogi, en þar búa rúmlega 10 prósent þjóðarinnar en hér í sveitarfélaginu náum við að teljast 0,6 prósent af heildarmannfjölda landsins¹.

Þessir piltar hafa alist upp saman og myndað með sér einstakan liðsanda sem tekið er eftir af foreldrum annarra liða þegar keppt er á "túrneringum" eins og



Efri röð frá vinstri: Nebojsa Knezevic, Svavar Breki, Evahn, Andri Aron, Daníel Borgar
Neðri röð frá vinstri: Kolbeinn Darri, Elvar Þór, Garðar Logi

kallað er, þegar mörg lið koma saman og keppa 4-5 leiki í riðlakeppni yfir eina helgi. Þar er oft komið að orði við okkur foreldra, af öðrum foreldrum, þjálfurum og einnig dómurum, og drengjunum hampað fyrir, ekki aðeins kurteisi, heldur sérstaklega hversu hvetjandi og jákvæðir þeir eru hver í annars garð og þrúðir innan vallar sem utan. Við erum langt frá því að vera hávaxnasta liðið, en með hraða, leikni, útsjónarsemi og seiglu tekst drengjunum að sigrast á gríðarsterkum andstæðingum hvað eftir annað. (Að vera hávaxinn er algjörlega ofmetið að mati þess sem greinina skrifar og bara ávísun á bakverki og óparfa mont, hraði sigrar hæð).

Drengirnir hafa verið duglegir að afla fjár fyrir ferðinni og viljum við senda lofsamlegar þakkar til allra þeirra sem nú

þegar hafa stutt við bakið á þeim og ef einhverjir fleiri vilja bættast í hópinn þá má setja sig í samband við hvern sem er af okkur foreldrunum, frjáls framlög móttækin með þökkum. Við munum reyna að gera fólki kleift að fylgjast með framgangi liðsins meðan á ferðalaginu og keppni stendur og munum reyna að koma því á framfæri hvernig það fer fram á samfélagsmiðlum þegar nær dregur.

Við erum rík af hæfileikaríku fólki hér í sveitarfélaginu, öldnum sem ungum, hvetjum hvort annað og verum stolt af árangri annarra. Áfram Hornafjörður og ÁFRAM SINDRI!

Gunnar Örn Reynisson

1) Tölur Hagstofunnar um mannfjölda frá 1. janúar 2025

alltaf á sínum stað...



www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300

VANGAVELTUR UM SAMFÉLAGIÐ

Aðsend grein



Ungir og upprennandi nágðrannar að hjálpa til. F.v Bjarni Haukur, Bjarni Steinþórsson, Bæring Logi, Bjarni Veigar, Ingunn og Benedikt Búi. Mynd: Aðalbjörg Bjarnadóttir

Fyrsta þorablótið mitt. Þá var ég sennilega 14 eða 15 ára. Mátti koma á skemmtiatriðin og fara svo heim. Man að Birna lék Lindu á Brunnavöllum og Jón á Jaðri lék Bjössu á Gerði. Hann var lentur í sveltum eða smalamennsku þegar hann átti að vera taka á móti túristum, hafi það nú heyrst. Þá var húsið fullt af fólki sem maður þekkti. Því fer fækkandi núna. Ekki það að maður getur eflaust kynnst eitthverju af þessu fólki sem kemur á blót nú til dags, leiðir okkar liggja bara aldrei saman í daglegu lífi og það er lítið sem ekkert sem ýtir undir það að kynnst.

Skemmti mér nú vel á síðastliðnu blóti í Suðursveit. Samt var ég smá leið þegar heim var komið. Ekki af því ég þrjónaði yfir mig og gerði eitthvern skandal - það er af sem áður var. Þetta var síðasta blótið sem við fórum á með góðum nágrönnum og sveitungum áður en þau flytja. Og ástæðan fyrir flutningunum finnst mér enn ömurlegri. Ætla ekkert að fara nánar út í þetta tiltekna mál. En mér finnst ofboðslega erfitt að sjá hvernig er að fara fyrir fallettu sveitinni okkar. Hún er betur sett án margra stórra hótela. Fjárfestar og aðrir peningapungar eiga ekkert heima hér. Breytingar á skipulagi til að gera jarðirnar verðmætari? Mér finnst stundum eins og tilteknir aðilar ætli sér að „eignast“ sveitina til að geta stært sig að því að eiga heila sveit. Svo verðum við bændurnir sem hér áfram þrjóskast eins og hver önnur sýning fyrir ferðamenn og túrista.

Hverjir koma svo í stað fólks sem hér býr, er með búskap og eða aðra starfsemi og tekur þátt í samfélaginu? Sennilega fleira erlent farandverkafólk sem lítið eða ekkert leggur til litla samfélagsins okkar. Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu margir eru búsettir hér í sveit til skemmri tíma til að vinna. En ég veit

að þeir eru margir. Og áhuginn til að taka þátt hér er ekki mikill. Man þegar ég var að vinna á hóteli hér í sveit þá hafði starfsfólkið sem ég vann með þar ekki mikinn áhuga á að mæta á viðburði utan vinnustaðar. Og ekki fyrir svo löngu bauð ég íslenskum starfsmanni á nýlegu hóteli hér að koma og vera með á 17. júní hátíð. Hann hló bara að mér og varð svo hálf kjánalegur þegar hann fattaði að mér var alvara.

Margt fólk sem býr á sama stað er ekki samasem merki um gott og sterkt samfélag.

Ég er ekki að tala gegn ferðapjónustu, ferðamönnum eða erlendu starfsfólki. Allt er gott í hófi, en það er orð sem fjárfestar og eigendur stærri ferðapjónustufyrirtækja vita sennilega ekki að er til. Og að mínu mati eru ekki allar byggingar uppbyggingar.

Ég set að minnsta kosti spurningamerki við það hvort virkilega sé þörf á fleiri gistirýmum hér í sveit. Ferðamanninum fjölgar sennilega ekki endalaust. Og fyrir hverja erum við að skapa atvinnu? Mín skoðun er að það sé ekkert endilega verið að spá í þessa hluti. Ég veit að peningar gera lífið auðveldara en það gerir líka góður nágranni. Ég vil líka ekki að Suðursveit verði bara sveit sem hýsir ferðamenn til einnar nætur og farandverkafólk sem býr hér mesta lagi eitt ár.

Þetta er ekki framboðsræða, en kannski er ég að kalla eftir smá athygli á þessu máli fyrir komandi kosningar.

Aðalbjörg Bjarnadóttir

SKIPSTJÓRNAR- OG VÉLSTJÓRNARNÁM Á HÖFN 1978 TIL 1985

Aðsend grein

Á vordögum 1978 fór fram umræða í Heppuskóla um hvort ekki væri rétt að efla skólann með því að hefja þar einnig nám á framhaldsskólastigi auk hins skyldubundna grunnskólanáms. Kom þar ýmislegt til greina, svo sem iðnnám og nám tengt sjómennsku.

Fljótlega var ákveðið að láta á það reyna að hefja kennslu á fyrsta stigi skipstjórnnáms. Skólanefnd Hornafjarðar var því meðmælt að reynt yrði að koma þessu námi á. Leitað var til formanns stjórnar Útvegsmannafélags Hornafjarðar sem þá var Jón Sveinsson og hann beðinn um að koma með í þessa vegferð. Reyndist það auðsótt mál og var stjórn félagsins tilbúin til að styðja við þetta mál enda mikill skortur á réttindamönnum í vaxandi bátafloða Hornfirðinga.

Með þetta að veganesti fór skólastjóri Heppuskóla, Guðmundur Ingi Sigbjörnsson, á fund skólastjórna Stýrimannaskólans. Niðurstaða þess fundar var sú að hefja samstarf um þetta nám við Heppuskóla. Aðalinntak samkomulagsins var að námið yrði á ábyrgð Stýrimannaskólans. Drög að samkomulagi voru sett á blað þar sem áhersla var lögð á að kennt yrði sama námsefni, sömu námskröfur og próf í Stýrimannaskólanum. Menntamálaráðuneytið var einnig samþykkt þessari tilhögun og framkvæmd skipstjórnnáms á Höfn



Frá vinstri, efri röð: Bjarni E. Olgeirsson, Ásgeir Gunnarsson, Gestur Halldórsson, Davíð Sveinsson, Ómar Fransson, Sigurður Guðnason kennari, Ásgrímur Ingólfsson

Að fengnum leyfum fyrrgreindra var hafin leit að kennurum með tilskilin skipstjórnréttindi, með að lágmarki tveggja ára skipstjórnnám að baki. Niðurstaðan var sú að Örn Þór Þorbjörnsson leiddi deildina fram til áramóta og eftir það Skúli Waldorff,

kennari við Heppuskóla. Kallaði þetta á nokkrar tilfæringar á starfsliði skólans. Aðrir kennarar voru að mestu leyti starfsmenn við Heppuskóla. Einnig komu kennarar úr samfélaginu að deildinni svo sem þeir sem kenndu sjómennsku, siglingareglur og skyndihjálp og einnig prófdómarar svo fylgt væri öllum kröfum Stýrimannaskólans.

Vorið 1979 útskrifuðust 10 nemendur með skipstjórnréttindi, 1. stigi, frá Heppuskóla. Undirritaði Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, prófskírteini til staðfestingar því að þeir höfðu lokið tilskildu námi að öllu leyti. Með því var stigið fyrsta skrefið í skipstjórnnámi á Höfn.

Framhald varð á þessu námi á Höfn því skólaárið 1981 – 1982 útskrifuðust 13 nemendur. Halldór Halldórsson var aðalkennari þetta skólaár og kennt var í húsnæði verkályðsfélagsins í Miðtúni. Sex nemendur útskrifuðust skólaárið 1985 – 1986. Aðalkennari var Hornfirðingurinn Sigurður Guðnason. Lauk þá þessu námi á Höfn og um leið merkilegu



F.v: Guðjón Pétur Jónsson, Jón Karlsson, Stefán Pétur Ólafsson, Axel Jónsson, Bjarni Snæland Jónsson, Jón Helgi Matthíasson, Guðjón Hermann Þorbjörnsson, Óðinn Eymundsson, Vigfús Vigfússon. Á myndina vantar Jón Heiðar Pálsson. Kennari Skúli Waldorff situr fyrir framan hópinn.



Greinarhöfundar að grúska í heimildum á bókasafninu

frumkvöðlastarfi sem skilaði hornfirski bátafлотanum mörgum sjómönnum með skipstjórnarréttindi og um leið til hagsbóta fyrir samfélagið.

Með sama hætti og framangreint var gerður samningur við Vélskóla Íslands. Karl Karlsson var yfir þessu námi og kenndi hann nánast allar greinar við vélstjórnarnámið. Sú breyting varð á að Guðmundur Ingi Sigbjörnsson undirritaði prófskírteinin sem staðfestu að 17 nemendur höfðu lokið 2. stigi vélstjórnarnáms. Þessi deild var starfrækt skólaárið 1984 – 1985. Þetta nám hafði mikil áhrif á fjölgun réttindamanna við vélstjórn í hornfirski bátafлотanum.

*Guðmundur Ingi Sigbjörnsson
Stefán Ólafsson*

NEMENDALISTAR FRÁ 1978 - 1986

Nemendur við Stýrimannadeild Heppuskóla skólaárið 1978 – 1979

- Axel Jónsson
- Bjarni Snæland Jónsson
- Guðjón Pétur Jónsson
- Guðjón Hermann Þorbjörnsson
- Jón Heiðar Pálsson
- Jón Karlsson
- Jón Helgi Matthíasson
- Óðinn Eymundsson
- Stefán Pétur Ólafsson
- Vigfús Vigfússon

Nemendur við Stýrimannadeild Heppuskóla skólaárið 1981 – 1982

- Björn Júlíusson
- Ingvaldur Ásgeirsson
- Gestur Halldórsson
- Guðmundur Elmar Guðmundsson Vestmann
- Grétar Vilbergsson
- Helgi Sigfús Ólason
- Jóhann Sigurður Kristjánsson
- Jón Hafdal Héðinsson
- Sigfús Harðarson
- Sæmundur Gíslason
- Sigurður Oliver Staples
- Óli Jón Ólason
- Tómas Hilmarsson

Nemendur við Vélstjóradeild Heppuskóla skólaárið 1984 – 1985

- Björn Þór Ármannsson
- Benedikt Þór Ármannsson
- Gústaf A. Ólafsson
- Gísli Páll Björnsson
- Helgi Leifsson
- Ingólfur Vopni Ingvarsson
- Kári Alfreðsson
- Kristján Guðnason
- Sigurjón Steindórsson
- Sigurjón Óskarsson
- Sigurður Hlökkversson
- Reynir Örn Ólafsson
- Ólafur Einir Einarsson
- Torfi Þór Friðfinnsson
- Þorvarður B. Gíslason

Nemendur við Stýrimannadeild Heppuskóla skólaárið 1985 - 1986

- Ásgrímur Ingólfsson
- Ásgeir Gunnarsson
- Bjarni E. Olgeirsson
- Davíð Sveinsson
- Gestur Halldórsson
- Ómar Fransson

FÉLAG ELDRI HORNFIÐINGA KYNNIR

FRÆÐSLA

Bjartur Guðmundsson, leikari og frammistöðuþjálfari verður með fræðslu byggða á jákvæðri sálfræði í Ekru salnum þann **10. mars kl 15:00-16:30**. Áhersla er lögð á hagnýt verkfæri sem efla vellíðan, hugarfar og lífsgæði. Lesa má um Bjart á www.bjarturgudmundsson.is



FÖSTUDAGSSAMVERA

Við hittumst í Ekru **kl. 16:00** föstudaginn **6. mars**. Þá mætir Hlynur Pálmason, hann sýnir og segir frá verkum sínum.

Föstudaginn **20. mars kl. 16:00** er síðasta samvera vetrarins, þið vitið, apríl er fullbókaður. Þá eru páskar, aðalfundur, sumardagurinn fyrsti og síðast en ekki síst vorferðin. Aftur að samverunni. Hvað segið þið um að mæta á pöbbkviss? Boðið upp á kaffi og allskonar spurningar. Þið mætið og skemmtið ykkur. Sjáumst þá.



FASTIR LIÐIR



Minum á **hreyfingu í vatni** undir styrkri stjórn Gorans alla fimmtudaga kl 13:30



Gönguhópur fer frá Ekru kl. 10:00 á mánudögum og miðvikudögum



Gleðigjafar æfa á þriðjudögum, þar er alltaf tekið vel á móti nýjum fullþroska röðdum



Boccia er spilað kl 09:30 þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga



Prjónahittingur og kaffi eftir hádegi alla miðvikudaga.



Snóker, pila, spil og fleira og fleira.

SÖNGSTUND

FeH í samvinnu við Selið dagdvöl sjá um söngstund í Ekru. Ýmist er ákveðið þema eða það sungið sem efst er í huga hverju sinni. Gítar í bland við undirleik á vefnum. Það er fátt sem léttir lund meira en söngur og samvera. Hvernig væri að blómstra í Ekru **milli 13 og 14 á mánudögum?**

LÍNUDANS

FeH í samvinnu við Selið dagdvöl stendur fyrir línudansi í Ekru. Tilvalið að slá saman hælum, strjúka af hattinum og njóta þess að hreyfa sig með fingur í buxnastræng. Þeir sem hafa klukkustund aflögu ættu að líta við í Ekru **kl. 13:00 á þriðjudögum**.

Kærleikurinn sameinar okkur í mars. Við hvetjum til þess að allir sem sjá, heyra eða finna fyrir kærleika í kringum sig pósti myndum á samfélagsmiðla. Deilið efni með myllumerkinu #fjölbreytileikavika og merkið @svhornafjordur.is



HVAÐ VILT ÞÚ?

Aðsend grein

Umhverfið sem við lifum í og fólkið í kringum okkur hefur mikil áhrif á það hvernig við lifum og döfnum. Umhverfi og fólk getur haldið okkur niðri eða lyft okkur upp, og allt þar á milli. Hvernig vilt þú, og þarft þú að Hornafjörður sé til þess að þér líði vel og hafir það gott!

Ég vil að hér ríki jafnræði og jafnvægi. Að allir hafi raunveruleg tækifæri til að lifa og vaxa í öryggi og farsæld. Að atvinnulíf blómstri, innviðir séu sterkir, fólk sé heilbriggt og að hér sé bæði gott og gaman að vera.



HVAÐ GET ÉG GERT FYRIR ÞIG?

Þó ég viti ekki núna nákvæmlega hvað þú vilt eða þarft, þá veit ég að ég get hlustað á þig, talað við þig, skilið hver núverandi staða er og hvað þarf að gerast. Ég á auðvelt með að koma með hugmyndir, finna leiðir og lausnir. Ég hef gaman af gefandi OG krefjandi verkefnum, en mér er meinilla við kjaftæði, manngerðar hindranir og festu hugarfar.

Ég mun fylgja gjöldum mínum og sannfæringu með hag framtíðar Hornafirðinga að leiðarljósi. Ákvarðanir okkar í dag móta búsetuskilyrði barna okkar – það mun ég alltaf hafa í huga.

Þótt ég hafi aðeins haft fasta búsetu á Höfn í eitt og hálf ár þá er ég Hornfirðingur í húð og hár. Það gæti verið veikleiki að ég veit ekki hvernig hlutirnir hafa verið gerðir undanfarin ár, hver gerði hvað og hvers vegna en ég kem inn með ný sjónarhorn, hugmyndir, hugrekki, viðtæka reynslu og þekkingu sem ég tel samfélaginu til heilla.

Það er styrkleiki.

Ég hvet öll áhugasöm, flokksfólk og alla aðra til að heyra í mér eða hitta á mig á opnu húsunum í Sjálfstæðishúsinu til að kynnast mér betur. Ég er að bjóða mig fram fyrir alla Hornfirðinga, í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Ágústa Margrét Arnardóttir

SUMARFRÍSTUND



Sveitarfélagið Hornafjörður leitar að aðilum til að sjá um fjölbreytta sumarfrístund fyrir börn í sumar. Um er að ræða tímabil frá því að skóla lýkur og fram í júlí og svo aftur frá verslunarmannahelgi og fram að skólasetningu.

Óskað er eftir fjölbreyttu framboði námskeiða sem henta fjölbreyttum þörfum og aldri. Þó er sérstaklega óskað eftir að boðið verði upp á námskeið fyrir **1. – 4. bekk** og að nægilegt framboð námskeiða verði fyrir hádeggi.

Horft er til þess að margir aðilar geti boðið upp á námskeið. Skilyrði er að umsjónaraðilar uppfylli skilyrði 10. gr. æskulýðslaga 70/2007.

Samráðsfundur um fyrirkomulag sumarfrístundar verður í Vöruhúsinu 10. mars nk. kl. 16:00 og eru allir áhugasamir hvattir til að mæta. Einnig er velkominn að hafa samband við starfsfólk á fræðslu- og frístundasvið og fá frekari upplýsingar.

Fræðslu- og frístundasvið Hornafjarðar



ÖFLUG FORYSTA OG SKÝR FRAMTÍÐARSÝN

Aðsend grein

Framboðslisti Framsóknar og stuðningsmanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí 2026 var samþykktur á vel sóttum félagsfundum miðvikudagskvöldið 25. febrúar sl. Fundurinn bar með sér kraft og skýran vilja til að Framsókn haldi áfram uppbyggilegu starfi í þágu samfélagsins.



Okkar öfluga fólk sem prýðir lista Framsóknar og stuðningsmanna (á myndina vantar Lars Jóhann Andrésson Imsland og Hauk Inga Einarsson)

Listinn er skipaður öflugum og fjölbreyttum hópi fólks með mismunandi bakgrunn, reynslu og þekkingu.

Oddviti listans er Hjalti Þór Vignisson, framkvæmdastjóri, Ingibjörg Sveinsdóttir, atvinnurekandi og grunnskólakennari er í öðru sæti og Björgvin Óskar Sigurjónsson, byggingatæknifræðingur og bæjarfulltrúi í þriðja sæti. Í fjórða sæti er Kolbrún Þorbjörg Björnsdóttir, heilsupjálfi og rekstrarstjóri, og í fimmta sæti Gunnar Ásgeirsson, innkaupastjóri og varabæjarfulltrúi.

Hér fer saman reynsla þeirra sem hafa starfað lengi að sveitarstjórnarmálum og kraftur nýrra frambjóðenda sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Þessi blanda tryggir bæði festu og nýja sýn inn í komandi kjörtímabil.

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa bæjarfulltrúar Framsóknar lagt áherslu á ábyrga

fjármálastjórn, öfluga innviðauppbýggingu og styrkingu grunnþjónustu við íbúa. Unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu skóla- og frístundamála, auk eflingar velferðarþjónustu. Þá hefur verið lögð áhersla á að styrkja atvinnulíf, skapa skilyrði fyrir fjölbreyttari störf og tryggja að sveitarfélagið sé áfram eftirsóknarverður staður til búsetu og atvinnuuppbyggingar.

Áhersla hefur verið lögð á skipulagsmál og framtíðarsýn í uppbyggingu, meðal annars með heildarendurskoðun aðalskipulags. Þá hafa bæjarfulltrúar Framsóknar lagt sig fram við að veita meirihluta bæjarstjórnar aðhald meðal annars til að tryggja vandaða og skilvirka stjórnsýslu.

Samþykkt framboðslistans er upptaktur í undirbúningi kosninganna í vor. Frambjóðendur lýsa yfir þakklæti fyrir það traust sem þeim er sýnt og þau hlakka til

að taka þátt í opnu og heiðarlegu samtali við íbúa á komandi mánuðum. Markmiðið er skýrt: að byggja áfram á þeim grunni sem lagður hefur verið, nýta reynsluna sem safnast hefur og um leið stíga ákveðin skref fram á við í takt við þarfir samfélagsins.

Með sterkum lista, sameiginlegri sýn og skýrum áherslum er horft til komandi kjörtímabils með metnað, ábyrgð og bjartsýni fyrir framtíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Framboðslistann í heild sinni má finna á samfélagsmiðlum félagsins *xbhornaaffordur* á Instagram og *Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga* á Facebook

*Stjórn Framsóknarfélags
Austur-Skaftfellinga.*

Sjálfstæðisflokkurinn

Prófkjör 14. mars 2026

Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir prófkjöri vegna sveitarstjórnarkosninganna í maí 2026. Stuttar kynningar á frambjóðendum eru hér að neðan en lengri kynningar og greinar frá frambjóðendum er að finna á www.xdhornafjordur.is

3-4. SÆTI NÍELS BRIMAR JÓNSSON



3 barna faðir, maki, málameistari og stoltur Hornfirðingur. Ég brenn fyrir uppbyggingu sveitarfélagsins alls, en einnig eru lýðheilsุมál mér ofarlega á lista, og þar er ég að horfa til eflingar íþróttaiðkunar, aðstöðu og jafnra tækifæra allra til þátttöku í íþróttastarfi og heilsuefingu. Með von um þinn stuðning!

1. SÆTI REYNIR ÁSGEIRSSON



Ég vil stuðla að öflugum atvinnulífi þar sem að fyrirtæki sjá tækifæri í að fjárfesta og skapa störf á svæðinu, öflugt atvinnulíf er undirstaða alls. Ég vil örva uppbyggingu á öllum sviðum bæði hjá sveitarfélaginu sjálfu, fyrirtækjum og íbúum þess. Ég vil létta til með barnafjölskyldum, hér á að vera besti staður á Íslandi til að eignast og ala upp börn.

3-6. SÆTI STEINDÓR SIGURJÓNSSON



Ég er fæddur og uppalinn á Höfn. Ég rek lítið hótél í Lóni sem heitir Hrafnaveilir og sit í stjórn knattspyrnudeildar Sindra. Ég hef mikinn áhuga á sveitarstjórnarmálum. Síðustu 4 ár hafa verið lærdómsrík og hef ég unnið að heilindum að þeim málum sem mér þar að sinna og hef ég mikinn áhuga á að vinna áfram að málefnum sveitarfélagsins.

2-4. SÆTI SINDRI RAGNARSSON



Ég er fæddur og uppalinn á Höfn og þekki samfélagið okkar vel. Einnig hef ég góða innsýn og reynslu af atvinnurekstri, skóla- og íþróttastarfi. Mig langar að leggja mitt af mörkum svo börn, samfélagið og atvinnumálin fái þann forgang sem þau eiga skilið.

2-3. SÆTI TINNA RUT SIGURÐAR



Ég er atvinnubílstjóri og varabæjarfulltrúi. Mín áherslumál eru velferðarmál, uppbygging öryggisinnviða og fjarskipta, húsnæðismál, efling atvinnulífs og bætt lífsgæði íbúa í sveitarfélaginu öllu. Ég vil Hornafjörð með sterku stoðkerfi fyrir fjölskyldur. Ég óska eftir stuðningi ykkar og hlakka til að halda áfram að vinna fyrir samfélagið okkar.

5-6. SÆTI ÞRÖSTUR JÓHANNSSON



Ég starfa sem bæjarverkstjóri hjá sveitarfélaginu og gegni einnig stöðu hafnsögumanns hjá höfninni. Ég hef verið aðalmaður í umhverfis- og skipulagsnefnd. Það er mikill uppgangur í okkar flotta sveitarfélagi og framtíðin björt, ég hef áhuga á að halda áfram að vinna að stækkun sveitarfélagsins.

4. SÆTI ÁGÚSTA ARNARDÓTTIR



Ég elska að takast á við fjölbreytt, gefandi og krefjandi verkefni, finna lausnir og hafa jákvæð áhrif. Ég kem inn með ferska sýn, fjölbreytta reynslu og þekkingu. Ég hef hugsjónir, hugmyndir og kraft sem ég vil nýta í þágu íbúa Hornafjarðar. Stuðla að aukinni farsæld og fleiri tækifærum fyrir alla og taka þátt í að byggja upp sterkt, stöðugt og sjálfbært samfélag.

3. SÆTI ÁSTA ST. EIRÍKSDÓTTIR



Bý á Bæjarhóli, Nesjum, með eiginmanni og þremur börnum. Hagfræðingur, aðalbókari hjá Skinney - Þinganesi. Hef verið virk í félagsmálum, sat m.a. í íbúaráði sl. kjörtímabil. Ég vil fara betur með fjármagn en á sama tíma bæta daglegt líf íbúa. Skipulögð, lausnamiðuð og ann t um samfélagið okkar. Legg mig fram við hlustun, gagnkvæma virðingu og samvinnu. Heiðarleg og réttssýn.

1. SÆTI GAUTI ÁRNASON



Ég hef verið oddviti Sjálfstæðismanna sem og forseti bæjarstjórnar síðastliðin 4 ár og hef mikinn metnað til að halda því áfram. Hef fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu sem og félagstörfum og tel það nýttast mér til góðra verka fyrir okkar örtvaxandi og fjölbreytta samfélag. Ég óska eftir stuðningi ykkar til áframhaldandi starfa fyrir sveitarfélagið.

1-2. SÆTI HJÖRDÍS OLGEIRSDÓTTIR



Á líðandi kjörtímabili hef ég öðlast dýrmæta reynslu, skilning á rekstri sveitarfélagsins og ekki síst skýra sýn á þau verkefni sem framundan eru. Ég hef lagt mig fram af metnaði og ábyrgð til að ná árangri í starfinu. Ég hef einlægan áhuga á að beita mér áfram á þessum vettvangi og óska eftir stuðningi ykkar til þess.

Kjörfundur



Sjallinn
Kirkjubraut 3, 780 Höfn



Laugardaginn
14. mars 2026



Kl. 10:00-16:00

Utankjörfundur

Sjallanum við Kirkjubraut 3, Höfn

Priðjudag 3. mars kl. 20.00-21.00

Fimmtudag 5. mars kl. 11.00-13.00

Föstudag 6. mars kl. 11.00-13.00

Laugardag 7. mars kl. 16.00-18.00

Mánudag 9. mars kl. 11.00- 13.00

Priðjudag 10. mars kl. 11.00 - 13.00

Miðvikudag 11. mars kl. 11.00 - 13.00

Fimmtudag 12. mars kl. 11-13 & 19-21

Föstudag 13. mars kl. 11.00 -13.00

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Virka daga 6.-12. mars kl. 10.00-16.00

www.xdhornafjordur.is

Fylgdu okkur á
facebook



Í NÁNU SAMBANDI VIÐ NÁTTÚRUNA

Aðsend grein

Náttúrustofa Suðausturlands er ein af átta náttúrustofum á landinu. Stofurnar eru staðsettar í öllum landshlutum þar sem þær gegna lögbundnu hlutverki í að safna og varðveita gögn um náttúrufar og stunda rannsóknir á sínu starfssvæði.

Að Náttúrustofu Suðausturlands standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Starfssvæðið nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi austur að Hvalnesskriðum en stundum eru verkefni unnin utan svæðisins. Fimm náttúrufræðingar starfa hjá stofunni, sem er með starfsstöðvar í Nýheimum á Höfn og Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Nánari upplýsingar um starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands má nálgast á vefsíðu stofunnar nattsa.is.

JÖKLARANNSÓKNIR - BREYTINGAR Í BRENNIDEPLI

Frá stofnun árið 2013 hafa jöklarannsóknir verið ein af meginstöðum starfseminnar. Landbreytingar við jaðra Vatnajökuls eru vaktaðar og sporðamælingar framkvæmdar við valda skriðjökla. Sporðamælingar hófust hérlendis um 1930 og hafa veitt ómetanlegar upplýsingar um hop og framrás jökla. Gögnin eru vistuð í gagnagrunnum og eru aðgengilegar almenningi í Jöklahefðunni Veðurstofu

Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2025 jökulum á hverfanda hveli. Náttúrustofan lagði sitt af mörkum með þátttöku í ritrýndum greinum, annarri í vísindaritíð *Annals of Glaciology*, um örlög Hofsjökuls eystri og Okjökuls í hlýnandi loftslagi en hin birtist í tímaritinu *Jökli* en þar eru raktar afleiðingar jökulhörfunar á ísflæði við jökulssker og urðarrana í Breiðamerkurjökli.

LÍFRÍKIÐ - VÖKTUN VISTKERFA OG NÁTTÚRUVERNÐ

Rannsóknir á lífríki er önnur meginstöð starfseminnar. Á starfssvæðinu eru fjölbreytt vistlendi rík af tegundum. Lögð hefur verið áhersla á tegundir sem finnast einkum á starfssvæði stofunnar líkt og helsingja, skúm og tröllasmið. Helsingjastofninn hefur vaxið hratt en skúmi hríðfækkað og er nú skráður í bráðri hættu (CR) á vólísta Náttúrufræðistofnunar. Reglulegar talningar veita mikilvægar upplýsingar um stofnbreytingar. Stofan sinnir einnig fjölbreyttum verkefnum

en síðastliðið ár hafa rannsóknir snúið að breytingum á smádyralífi í leirum Skarðsfjarðar, selavöktun í Hornafirði og Skarðsfirði, örverusamfélögum í jökulsöndum sem og ræktarlandi, áhrifum vegagerðar á mýrlendi og áhrifum landbúnaðar á gróður og pöddulíf. Einnig hefur stofan vaktað pöddur og fiðrildi síðustu ár.

Náttúrustofan tekur þátt í landsverkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða. Í langtímavöktunarverkefninu Gró-Lind eru árlega mældir fjöldi reita, frá Pétursey að Þvottáskriðum, til að meta ástand gróður- og jarðvegsauðlinda. Í Skaftárhreppi hefur flæði koltvísyrings úr þurrlandisjarðvegi verið mældur síðan árið 2021 sem hluti af loftslagsbókhaldi Íslands.

SAMFÉLAG OG FRÆÐSLA

Náttúrustofan skrifar umsagnir um skipulagsmál og framkvæmdir, og miðla þannig bestu þekkingu til að stuðla að sjálfbærni í ákvarðanatöku. Starfsfólk fer í vettvangsferðir með nemendum Framhaldsskólans í Austur-



Starfsmenn stofunnar skrásetja og safna gróðurleifum úr jarðvegslagi á Breiðamerkursandi. Mynd: Lilja Jóhannesdóttir.



Álega skúmshreiðurs metin í Ingólfshöfða. Starfsmenn Náttúrustofu fara árlega til að meta varpárangur skúms í Ingólfshöfða, við Jökulsárlón og Fjallsá. Mynd: Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Skaftafellssýslu. Með rannsóknum, öflugri vöktun og í samstarfi við heimamenn og stofnanir leggur Náttúrustofa Suðausturlands sitt af mörkum til að skilja, vernda og miðla þekkingu um náttúru svæðisins sem er í senn viðkvæm, kraftmikil og stöðugt að breytast.

Þann 25. mars næstkomandi verður ársfundur Náttúrustofunnar haldinn í Nýheimum og þar munu starfsmenn kynna rannsóknaverkefni sín úr náttúru landsins. Við hvetjum áhugasama að mæta og fylgjast með.

Snævarr Guðmundsson og Hólmfríður Jakobsdóttir

Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands

Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands verður haldinn í Nýheimum, Litlubrú 2, á Höfn miðvikudaginn 25. mars 2026, kl. 14:00 – 16:00

Dagskrá

Venjubundin fundarstörf:

Skýrsla stjórnar, kynning ársreiknings 2025, forstöðumaður kynnir starfsemi stofunnar árið 2025.

Kaffihlé

Erindi starfsmanna Náttúrustofunnar kynna valin verkefni á árinu 2025.

Hólmfríður Jakobsdóttir

Hvað leynist í leirunni?

Róbert Ívar Arnarson

Niturnám, kolefnisbúskapur og örverusamfélög

María Rúnarsdóttir

Áhrif landnýtingar á gróður- og pöddusamfélög í landbúnaðarlandi

Við bjóðum alla velkomna að mæta. Fundinum verður einnig streymt á Teams. Nánari upplýsingar á Facebook-viðburði.



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

KÆRLEIKURINN SAMEINAR OKKUR Í MARS

Fjölbreytileikavikan varð að þessu sinni að fjölbreytileikamánuði með áherslu á kærleikann, gildi sem dregur fram það besta í okkur öllum!

Í tengslum við verkefnið verður boðið upp á fjölmarga viðburði þar sem markmiðið er að skapa vettvang fyrir fræðslu, upplifun og þátttöku, þar sem fjölbreytileiki, virðing og umburðarlyndi fá að njóta sín.

En þetta snýst ekki bara um dagskrá. Þetta snýst um okkur öll, um brosið, um að tala saman, um að rétta hjálparhönd. Um litlu hlutina sem gera samfélagið stærra.

Vertu með í kærleiksmánuði!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Deildu efni með myllumerkinu
[#fjoleibreytileikavika](#)
og merktu með [@svhornafjordur](#)

VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN Í LEIKHÚSIÐ!

Aðsend grein: Leikfélag Hornafjarðar

Leikhúsferð er upplifun sem situr oft lengi eftir í huga áhorfenda og sýningar sem snerta mann gleymast seint.

Í mars býður Leikfélag Hornafjarðar ykkur öll velkomin í leikhús í Mánagarði. Að fara í leikhús er ákveðið ferðalag, allt frá því að gengið er inn í salinn og þar til síðasti leikarinn hneigir sig á sviðinu og síðasti áhorfandinn gengur út úr salnum. Stundum er eins og tími standi í stað og leikritið er búið áður en maður veit af.

Þetta er tími þar sem áhorfandinn fær tækifæri til að gleyma sér í leikverkinu og engar utanaðkomandi áhyggjur eða skyldur geta truflað.

Við hjá Leikfélagi Hornafjarðar höfum í mörg ár lagt okkur fram við að setja upp metnaðarfullar og skemmtilegar sýningar, bæði fyrir áhorfendur og okkur sjálf. Við sem störfum innan leikfélagsins vitum hversu mikilvægt það er fyrir menningarlífið í Hornafirði og hefur verið um árabil. Við viljum halda anda leikfélagsins á lofti eins lengi og hægt er og gera því góð skil.

Í ár er er hvergi slakað á metnaðinum og öllu tjaldað til. Verkið er hornfirsk í húð og hár. Við viljum bjóða ykkur upp á meiri hlátur og aukna gleði til að lengja líf ykkar og höfum samið farsa. Niðurstaðan er bráðfyndinn, skríttinn og fjörugur farsa sem ber nafnið „Gleðilega hátíð“. Sýningin er jafnframt sú hundraðasta frá stofnun Leikfélags Hornafjarðar árið 1962.

Handritið var skrifað af meðlimum leikfélagsins undir handleiðslu Arons Martins Ásgerðarsonar, sem hélt einnig vinnustofur í upphafi ferlisins og hefur svo verið okkur til stuðnings í gegnum æfingafærið. Leikstjóri sýningarinnar er okkar eigin Birna Jódís Magnúsdóttir, sem hefur verið afar mikilvægur hluti af starfi leikfélagsins undanfarin ár. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hana



Erna, Ragga, Kolbeinn, Guðlaug, Kristín, Sigga, Sólveig, Styrgerður, Andri og Hildur. Þau fara öll með lykhlutverk í leikritinu Gleðilega hátíð eftir Leikfélag Hornafjarðar í leikstjórn Birnu Jódísar Magnúsdóttur.

stíga sín fyrstu skref í leikstjórn. Tónlistin í verkinu er svo samin af Þorkeli Ragnari og Björgu Catherine Blöndal og er heldur betur frumleg og skemmtileg.

„Gleðilega hátíð“ er þvíal hornfirskt verk. Það er mjög myndið, örllítið krassandi, dálítið ögrandi en fyrst og fremst metnaðarfullt og fullt af þeirri ástríðu sem einkennir áhugaleikhús og Leikfélag Hornafjarðar. Við viljum taka fram að sýningin er ekki sérstaklega ætluð börnum, þó þau séu að sjálfsögðu velkomin í fylgd fullorðinna. Í verkinu koma fyrir sterk orð og nokkrar senur sem teljast fullorðinslegar, og treystum við foreldrum best til að meta hvað hentar þeirra börnum. Við svörum gjarnan spurningum í skilaboðum ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Við hlökkum gríðarlega til að taka á móti ykkur í leikhúsinu og leyfa ykkur að njóta afraksturs þeirrar vinnu sem staðið hefur yfir síðustu daga, vikur og mánuði. Það er mikil vinna að setja upp leiksýningu, og ótal atriði sem gerast á bak við tjöldin. Þar kemur saman stór hópur fólks, fullur af ástríðu og sameiginlegu markmiði: að skapa eftirminnilega upplifun fyrir áhorfendur. Leikhúsið verður nefnilega ekki til af sjálfu sér, heldur fyrir tilstuðlan

þeirra sem mæta á æfingar kvöld eftir kvöld – ekki aðeins til að flytja texta á sviðinu, heldur einnig til að setja upp drapperingar, áhorfendapalla, raða stólum, útbúa leikskrá, sauma búninga og hanna leikmynd og leikmuni, svo fátt eitt sé nefnt.

Við erum ótrúlega þakklát fyrir þennan frábæra hóp sem stendur að baki Leikfélagi Hornafjarðar og allan þann stuðning sem við finnum alls staðar í samfélaginu. Pojpoj!

Sýningar eru allar klukkan 20:00 nema frumsýningin sem er klukkan 19:00

1. sýning - 14. mars (Frumssýning)
2. sýning - 15. mars
3. sýning - 20. mars
4. sýning - 21. mars
5. sýning - 22. mars
6. sýning - 26. mars
7. sýning - 27. mars
8. sýning - 28. mars (Lokasýning)

Miðaverð er 4500 krónur. Hægt er að bóka miða með því að hringja í 691-6750 eða 892-9354. Svo tökum við að sjálfsögðu við bókunum í gegnum skilaboð á Facebook.

Pima Jódís



Gleðilega hátíð!

~~Rókleur & Kjúrnaholti~~

written by

Leikfélag Hornafjarðar



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Við þökkum fyrir góðar móttökur!



Oro Grande fjölskyldutilboð

Fjórir 90 g borgarar með gouda-osti,
jöklasalati, hamborgarasósu, franskar
og 2 l gos frá Coca-Cola

6.495 kr.



En hvað er
í eftirmatinn?



Kíktu við á **olis**

GAMAN AÐ FLIPPA BORGURUM AFTUR

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Eins og margir hafa tekið eftir hefur Olís á Höfn staðið í breytingum undanfarna mánuði. Þar sem áður var Lemon mini er nú komið fullbúið 66 Grill og gömul andlit hafa snúið aftur á vaktina.

Fyrir marga Hornfirðinga fylgir því ákveðin eftirvænting að sjá Gísla Má aftur við grillið, en hann á að baki farsæla sögu í veitingarekstri í bænum.

NOSTALGÍA VIÐ GRILLIÐ

Fyrir marga gesti vekur það upp skemmtilegar minningar að sjá Gísla Má, núverandi verslunarstjóra Olís, aftur í þessu hlutverki. Hann rak hér áður veitingastaðinn Ósinn, sem margir muna eftir fyrst í Shell-skálanum og síðar sem hluta af Hótel Höfn. Það eru því ákveðið afturhvarf til gamalla tíma að ganga inn á Olís og sjá hann aftur í essinu sínu.

„Það er virkilega gaman að vera farinn að flippa borgurum aftur,“ segir Gísli Már kátur.



Hér er Gísli Már Vilhjálmsson ásamt þeim Auði Huldu Sigurgeirsdóttur, Ingu Sóleyju Pálsdóttur

BÆTT AÐSTAÐA

Samhliða breyttum matseðli stendur til að hressa upp á umhverfið innandyra. Markmiðið er að gera stöðina að stað þar sem fólk vill setjast niður og dvelja, frekar en að grípa bara bitann á ferðinni. „Við ætlum að gefa veitingaaðstöðunni meira rými og koma upp þægilegum setukrökum til að gera stöðina notalegri“ útskýrir Gísli.

Aukin umsvif hafa einnig skilað sér í fjölgun starfsfólks, sem er fagnaðarefni fyrir bæjarfélagið. „Hornfirðingar hafa sennilega tekið eftir því að gömul og góð andlit eru farin að vinna aftur hjá okkur. Það er mikil gleði í hópnum og við erum virkilega þakklát fyrir það og okkar frábæru viðskiptavini“ segir Gísli að lokum.

”

„Ég er mjög ánægður með gæðin á hráefninu og samsetningin á réttunum er góð. Við finnum að fólk kann vel að meta fjölbreytileikann, ekki síst árstíðarbundnu borgarana sem bætast reglulega við“.

VILTU GERAST STYRKTAÐILI?


EÐA FÁ BLAÐIÐ SENT HEIM UTAN SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR?

Skannaðu QR kóðann eða hafðu samband í síma 867-6604
Það tekur aðeins 2 mínútur að skrá sig



WWW.EYSTRAHORN.IS

Páskablaðið kemur út miðvikudaginn 1. apríl
Skilafrestur fyrir auglýsingar og efni er 27. mars



FJÖLBREYTT REYNSLA NÝTIST MÉR VEL

Aðsend grein

Ég hef notið þeirra forréttinda undanfarin 14 ár að koma á fót og starfa við eigið ferðapjónustufyrirtæki. Þetta var ein lykilsenda þess að ég, ásamt betri helmingnum, ákváðum að setjast að í heimabæ mínum, skjóta rötum í þessu öflugna samfélagi og sjá framtíðina fyrir okkur hér á Hornafirði. Undanfarin 11 ár hef ég komið að rekstri ferðapjónustufyrirtækisins Glacier Trips, samhliða jökla- og íshellaleiðsögn. Sú reynsla hefur gefið mér dýrmæta innsýn í atvinnumál, sérstaklega ferðapjónustu, og hversu mikilvægt er að þessi atvinnugrein fái að dafna hér á svæðinu.



ATVINNULÍF Í ÞJÓÐGARÐINUM

Vatnajökulsþjóðgarður skiptir okkur Hornfirðinga sköpum. Atvinnumál, samfélagið og uppbygging sveitarfélagsins byggja á góðu og virku samstarfi þar á milli. Staðan er þó sú að nýlega var ráðinn framkvæmdastjóri sem við sáum lítið til nema rétt í hælana á henni, hvarf og framkvæmdastjórastaðan ekki lengur til. Þjóðgarðurinn virðist vera á sömu leið eftir að hann fór undir Náttúruverndarstofnun. Nú heyrst lítið í rödd sveitarfélagsins og lítur út fyrir að Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs sé orðið mállaus innan stofnunarinnar.

Ég vil beita mér fyrir sterkara samráði, meiri fyrirsjáanleika og sanngjörnum skilyrðum fyrir okkar atvinnu og tilvist innan þjóðgarðsins. Við verðum að fá aftur til baka það sem var stofnað í samráði við fólkið hér á svæðinu. Atvinnuuppbyggingin á heima í þjóðgarðinum, en mér sýnist forræðishygga og sífellt nýtt regluverk geta ýtt henni hægt og rólega út og gert meðalstórum og smærri fyrirtækjum sérstaklega erfiðara fyrir. Það passar ekki að Vatnajökulsþjóðgarður sé undir Náttúruverndarstofnun; sú stofnun hefur annað meginhlutverk og atvinnuuppbygging er ekki í forgangi þar. Þetta er eitt stærsta atvinnumál sem við stöndum frammi fyrir núna, því útsvarstekjur gætu minnkað verulega ef fyrirtæki sem eiga rætur hér verða að engu.

ÍPRÓTTAMÁL OG BÖRNIN

Ég er með BSc í íþróttfræði og hef starfað mikið í kringum íþróttastarf á Hornafirði, meðal annars við þjálfun hjá UMF Sindra og kennslu í Grunnskóla Hornafjarðar. Ég starfaði einnig um tíma hjá velferðarsviði sveitarfélagsins og er stoltur af því að hafa tekið þátt í að koma hreyfingu eldri borgara í betri farveg.

Íþróttir og tómstundir eru forvörn og lykill að líðan – en nú sjáum við að krökkum fer hlutfallslega fækkandi og færri stunda tvær íþróttagreinar. Þetta tengist oft því að kostnaðurinn er orðinn íþyngjandi: æfingagjöld, búnaður og ferðalög safnast saman og geta sett fjölskyldur í erfiða stöðu.

Með komandi áformum um nýtt íþróttahús og gervigrasvöll tel ég mikilvægt að íþrótt- og tómstundamál fái skýran forgang, þannig að ný mannvirki nýtist sem best og verði raunveruleg lyftistöng fyrir samfélagið. Ég hef mikla trú á góðu samstarfi í pólitíkinni og vil leggja mitt af mörkum til að börnin, samfélagið og atvinnumálin fái þann forgang sem þau eiga skilið. Ég sækist eftir stuðningi ykkar í prófkjörinu.

Sindri Ragnarsson



Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarfélags og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar verður **þriðjudaginn 17. mars kl. 20:00**. Fundurinn verður haldinn í nýjum húsakynnum félagsins að Sæbraut 5. Hvetjum alla félaga til að mæta.



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Verðum á Höfn 23. mars

Hafðu samband til að bóka tíma



heyirn.is 534-9600 heyirn@heyirn.is



OPIÐ

ALLA DAGA

17:00 - 21:00

Munið fimmtudagstilboðið!
www.ishusidpizzeria.is



Framboðslisti Kex 2026



- | | |
|---|--|
| 1. Eyrún Friða Árnadóttir
<small>Formaður bæjaráts</small> | 8. Róslin Alma Valdemarsdóttir
<small>Verkefnastjóri</small> |
| 2. Guðrún Stefania V. Ingólfssdóttir
<small>Bæjarfulltrúi</small> | 9. Sigríður Dórunn Þorvarðardóttir
<small>Léttisráðgjafi</small> |
| 3. Elías Tjörvi Halldórsson
<small>Kjörur og fjárfundaræðingur</small> | 10. Sveinbjörg Jónsdóttir
<small>Neðriástandi og stjórnmálafulltrúi</small> |
| 4. Styrmir Einarsson
<small>Léttisráðgjafi</small> | 11. Helga Árnadóttir
<small>Verkefnastjóri</small> |
| 5. Sigrún Sigurgeirsdóttir
<small>Sérfræðingur</small> | 12. Valur Pálsson
<small>Léttisráðgjafi</small> |
| 6. Wiktoria Anna Darnowska
<small>Stjórnmálfræðingur og starfsmaður í hlífðáttum</small> | 13. Hrafnhildur Ævarsdóttir
<small>Stjórnstjóri og léttisráðgjafi</small> |
| 7. Kristján Örn Ebezerzon
<small>Framboðslistakennari</small> | 14. Halldór Tjörvi Einarsson
<small>Kennari</small> |

Framboðslisti til
sveitarstjórnarkosninga í
Sveitarfélaginu Hornafirði

www.xkex.is



HÖFN
BERJAYA ICELAND HOTELS

Viltu vinna í alþjóðlegu umhverfi?

Við erum að leita að öflugum starfskrafti við herbergjapríf á líflegum vinnustað í fullt starf frá maí út október með möguleika á hlutastarfi í framhaldinu.

Starfssvið

- Undirbúningur herbergja fyrir komu gesta
- Þrif á herbergjum sem og almennum rýmum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Reynsla af störfum við þrif kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Snyrtimennska, stundvísi, reglusemi og jákvæðni
- Enskukunnátta og íslenskukunnátta mikill kostur

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk.


Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð kyni, aldri eða uppruna.



Iceland Hotel Collection by Berjaya er fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi þar sem lögð er áhersla á samvinnu, sveigjanleika og frumkvæði í starfi. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur með sameiginleg markmið, þar sem borin er virðing fyrir gestum, samstarfsmönnum og náttúrunni.



Sótt er um á
jobs.50skills.com/
icelandhotelcollection



„Hvert augnablik skiptir máli,
þess vegna setjum við traust
okkar á Símann.“

Finnur hjá Björgunarfélagi Hornafjarðar